

# Eru vannýtt tækifæri til að draga úr skattsvikum? Spjótum beint að siðferði og persónuleika

**Arna Laufey Steinarsdóttir, M.Sc.** í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum  
**Auður Hermannsdóttir**, aðjúnkt, Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

## Útdráttur

Umfang skattsvika er umtalsvert hér á landi. Sé dregið úr slíkum efnahagsglæpum er hægt að auka tekjur hins opinbera töluvert. Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að varpa ljósi á hvað kunni að skýra það að sumir samfélagsþegnar eru líklegri en aðrir til að svíkja undan skatti. Í því skyni var bæði einblínt á skattasiðferði og persónuleikaeinkenni einstaklinga. Hins vegar var markmiðið að greina hvaða hópa skattgreiðenda sé fýsilegt að miða aðgerðir að með það að leiðarljósi að draga úr skattsvikum. Í gegnum rafrænt hentugleikaúrtak fengust svör frá 593 einstaklingum sem svöruðu spurningalista þar sem áform um skattsvik, skattasiðferði og persónuleiki var mældur. Niðurstöðurnar sýndu að skattasiðferði hefur veigamesta forspárgildið um það hvort fólk sé líklegt til að svíkja undan skatti. Jafnframt reyndust persónuleikaeinkennin heiðarleiki og auðmýkt annars vegar og siðblinda hins vegar skipta töluverðu máli í þessu sambandi. Niðurstöður klasagreiningar leiddu í ljós að ákjósanlegt sé að skipta skattgreiðendum í þrjá hópa sem nefndir voru heiðvirðu samfélagsþegnarir, hverfulu samfélagsþegnarir og refjóttu samfélagsþegnarir. Hinir heiðvirðu eru mjög ólíklegir til að svíkja undan skatti og hafa hátt skattasiðferði. Það væri því ekki skilvirk nýting á fjármagni að einblína á einstaklinga í þeim hópi. Hinir tveir hóparnir, hinir hverfulu og refjóttu, eru hópar sem ætti markvisst að miða á til að draga úr skattsvikum. Fýsilegast er líklega að setja í forgang aðgerðir sem miða að hinum hverfulu þó jafnframt þurfi að huga að



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 19, Issue 2 (153-180)

© 2023 Contact: Auður Hermannsdóttir, audurhermannsdottir@hi.is

Article first published online December 14<sup>th</sup> 2023 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 2. tbl. 19. árg. 2023 (153-180) Fræðigreinar

© 2023 Tengiliður: Auður Hermannsdóttir, audurhermannsdottir@hi.is

Vefbirting 14. desember 2023 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.2.4>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

hinum refjóttu. Beita þarf ólíkum aðgerðum til að ná til þessara hópa, líkt og farið er yfir í greininni.

**Efnisorð:** Skattsvik; skattasiðferði; persónuleiki; HEXACO; Hin myrka þrenning.

## Is there an unexplored possibility to reduce tax evasion? Concentrating on moral and personality

### Abstract

The scope of tax evasion is significant in Iceland. By reducing such economic crime, it is possible to increase public income considerably. The aim of the study was twofold. Firstly, to shed light on what might explain why some members of society are more likely to evade taxes than others. In that regard, a focus was put on both tax morale and personality traits. Secondly, the study seeks to answer which groups of taxpayers should be targeted to reduce tax evasion. With an electronic convenience sample, responses were obtained from 593 individuals who answered a questionnaire measuring tax evasion, tax morale, and personality. The results revealed that tax morale has the strongest predictive value on whether people are likely to evade taxes. Furthermore, the personality traits of humility and honesty along with psychopathy are of considerable importance in this regard. The results of a cluster analysis showed that it is most optimal to divide taxpayers into three groups which were named the honorable citizens, the fickle citizens, and the cunning citizens. The honorable citizens are very unlikely to evade taxes and have high tax morale. It would therefore not be an efficient use of resources to focus on that group. The other two groups, the fickle and the cunning citizens, are groups that should be targeted. It is probably most feasible to prioritize strategies aimed at the fickle citizens, although the cunning citizens must also be considered. Different measures need to be used to target these groups, as is discussed in the paper.

**Keywords:** Tax evasion; tax morale; personality; HEXACO; The Dark Triad.

### Inngangur

„Skattar eru verðið sem við greiðum fyrir siðmenntað samfélag!“

Oliver Wendell Holmes

Þær úttektir sem gerðar hafa verið á skattsvikum hér á landi sýna að umfang þeirra er umtalsvert og hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarna áratugi (sjá t.d. Fjármálaráðuneytið 1993; Fjármálaráðuneytið 2004; Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2017). Talið er að umfangið nemi í kringum 10% af heildartekjum hins opinbera (Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2017).

hagsráðuneytið 2017) svo gera má ráð fyrir að tekjutap vegna skattsvika hafi verið tæpir 165 milljarðar króna árið 2022 þar sem heildartekjur hins opinbera það ár voru 1.649,7 milljarðar króna (Hagstofa Íslands 2023a). Það er því til mikils að vinna fyrir samfélagið að draga eins og kostur er úr skattsvikum.

Ef ætlunin er að hafa áhrif á hegðun er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvaða þættir skýra viðkomandi hegðun. Í tilfalli skattsvika er mikilvægt að skilja hvaða þættir eru líklegir til að ýta undir skattsvik. Í áratugi hafa rannsakendur lagt áherslu á ytri þætti í þessu samhengi. Þætti eins og hversu hátt hlutfall af tekjum fólki ber að greiða í skatta (Lewis 1978; Roberts & Hite, 1994) og hversu harður refsiramminn er vegna skattsvika (Allingham & Sandmo 1972; Cummings o.fl. 2009). Á síðari tímum hafa rannsakendur í auknum mæli beint sjónum að innri þáttum sem mögulega geta skýrt hvers vegna sumir eru skatthlýðnari en aðrir. Þar má nefna þætti eins og skynjun á hversu sanngjarnt skattkerfið er (Kirchgässner 2011), viðhorf til yfirvalda og sköttunar (Niemirovski o.fl. 2003) og innri hvatningar einstaklinga til að greiða skatta sem kallað hefur verið skattasiðferði (e. tax morale) (Alm & Torgler 2004; Cummings o.fl. 2009).

Rannsóknir hafa sýnt jákvæð tengsl milli skattasiðferðis og skatthlýðni (Hug & Spörri 2011; OECD 2013; Owusu o.fl. 2021; Torgler 2003). Jafnframt hefur verið sýnt fram á sterkt samband milli skattasiðferðis og þess hversu stórt svarta hagkerfið er í samfélögum, hvort sem litið er til þróaðra eða vanþróaðra ríkja (Alm & Torgler 2006; Kemme o.fl. 2020; Kirchgässner 2011; Torgler 2003). Það eru því sterkar vísbendingar um að ef mögulegt er að ýta undir skattasiðferði sé hægt að draga úr umfangi skattsvika.

Auk skattasiðferðis hafa sumir talið að ýmis persónuleikaeinkenni geti haft áhrif á skatthlýðni. Til að mynda hafa einkenni eins og áhættuhneigð (Collins o.fl. 1992), samkeppnishneigð (Hessing o.fl. 1988) og sjálfhverfa (Webley o.fl. 2001) verið skoðuð í þessu samhengi. Á allra síðustu árum hafa hefðbundnari og þekktari persónuleikalíkon verið notuð til að kanna möguleg áhrif á skattahegðun (sjá t.d. Huels & Parboteeah 2019; Olexaá & Sudzina 2019; Owusu o.fl. 2021). Útbreiddasta persónuleikalíkanið innan atferlisvísinda er hið svokallaða Fimm þátta líkan (e. The Big Five Personality Traits), en á síðustu árum hefur HEXACO líkanið (Lee & Ashton 2004), sem byggir á Fimm þátta líkaninu, fengið aukna athygli. HEXACO hefur verið tengt við björt einkenni persónuleikans (Smith o.fl. 2018) en önnur líkön hafa verið sett fram sem talin eru tengd dökkum hliðum persónuleikans. Þar er útbreiddast líkan Hinnar myrku þrenningar (e. The Dark Triad) (Paulhus & Williams 2002). Niðurstöður þeirra fáu rannsókna sem hafa nýtt þekkt persónuleikalíkon til að öðlast skilning á hvað geti skýrt skattsvik benda til þess að persónuleikaeinkennin geti verið mikilvægur þáttur í þessu samhengi (sjá t.d. García-Meca o.fl. 2021; Shafer & Wang 2017; Owusu o.fl. 2021). Slíkar rannsóknir eru þó af skornum skammti (Huels & Parboteeah 2019) og því tilefni til að þeim sé fjölgað.

Í skýrslu OECD frá árinu 2013 er lögð áhersla á mikilvægi þess að sérhvert ríki kortleggi hvað einkenni þá samfélagsþegna sem eru viljugir til að greiða skatta og hvað einkenni þá sem eru síður viljugir til þess. Jafnframt er undirstrikað mikilvægi þess að átta sig á hvað einkenni þann hóp samfélagsþegna sem fýsilegast er að höfða til með það að markmiði að draga úr umfangi skattsvika. Markmið rannsóknarinnar eru tengd þessum

áherslum í skýrslu OECD og eru tvíþætt. Annars vegar að varpa ljósi á hvað kunni að skýra það að sumir þegnar í íslensku samfélagi eru líklegri en aðrir til að svíkja undan skatti. Í því skyni verður einblínt á annars vegar skattasiðferði og hins vegar persónuleikaeinkenni út frá HEXACO líkaninu og líkani Hinnar myrku þrenningar. Hins vegar er markmiðið að varpa ljósi á hvað einkenni þá hópa íslenskra skattgreiðenda sem fýsilegast er að einblína á með það að leiðarljósi að draga úr skattsvikum.

Samfélagslegur ávinningur þess að draga úr skattsvikum er óumdeildur. Umfangið hér á landi virðist umtalsvert og því til mikils að vinna að setja á fót aðgerðir til að draga úr því. Aðgerðirnar þurfa að vera markvissar og hannaðar byggðar á þekkingu á þeim þáttum sem geta skýrt hvers vegna sumir eru líklegir til að svíkja undan skatti. Jafnframt er mikilvægt að aðgerðir sem gripið er til séu miðaðar að réttum hópum í samfélaginu. Flestir samfélagsþegnar eru líklega skatthlýðnir og standa sína plikt gagnvart samfélaginu. Það væri ekki skilvirk nýting á fjármagni að miða aðgerðir að þeim einstaklingum, heldur þarf að einblína á þá sem eru líklegir til að svíkja undan skatti. Rannsókninni er ætlað að vera lóð á vogarskálar þekkingaröflunar varðandi þessa þætti. Gildi hennar er því bæði verðmætt og mikilvægt fyrir íslenskt samfélag.

## 1. Skattsvik

Rannsakendur hafa í áratugi reynt að öðlast skilning á hvað geti skýrt umfang og tildrög skattsvika. Í fyrstu líkönum sem sett voru fram þar að lútandi, þar sem hagfræðilegri nálgun var beitt, var gengið út frá því að einstaklingar tækju ákvarðanir fyrst og fremst út frá hagrænum sjónarmiðum þar sem þeir reyndu að hámarka eigin ávinning. Í líkani Becker (1968), sem var meðal þeirra fyrstu sem sett voru fram, og í kjölfarið líkani Allingham og Sandmo (1972), var gengið út frá forsendunni um hinn upplýsta einstakling sem byggir ákvarðanir sínar alfarið á nytjahámörkun og eigin hagsmunum. Í líkönunum var gert ráð fyrir að þegar einstaklingar standa frammi fyrir ákvörðun, t.d. um hvort eigi að telja fram allar tekjur eða reyna að skjóta hluta þeirra undan, þá meti þeir bæði áætlaðan kostnað og áætlaðan ábata af ákvörðun sinni. Gengið var út frá því að ef ábati af skattsvikum væri mikill, kostnaðurinn lítill og áhættan að upp um svikin komist væri lítil þá fjölgi þeim sem skjóta undan skatti. Því var talið að það væru fyrst og fremst ytri þættir sem geti ýmist stuðlað að eða dregið úr skattundanskotum og þar með stýrt umfangi skattsvika.

Meðal ytri þátta sem hafa áhrif á skattahegðun eru hversu hátt skatthlutfallið er (Lewis 1978; Roberts & Hite 1994), líkur á að upp komist um skattsvik, upphæð sekta og hversu harður refsiramminn er við skattsvikum (Allingham & Sandmo 1972; Cummings o.fl. 2009). Þó er ljóst að slíkir þættir skýra ekki hvers vegna sumir einstaklingar freistast til að skjóta undan skatti en aðrir ekki þegar fólk býr við sömu umgjörð skattalaga og því sömu ytri þætti. Niðurstöður rannsókna hafa bent til þess að lýðfræðilegir þættir geta skýrt mun á skatthlýðni upp að einhverju marki. Flestar rannsóknir benda til þess að konur séu ólíklegri til að svíkja undan skatti en karlmenn (Hoseini o.fl. 2019; McGee & Tyler 2006; Miranda o.fl. 2023; Mohamad o.fl. 2017) en ekki er að öllu leyti samhljómur í niðurstöðum rannsókna varðandi áhrif aldurs, tekna og menntunar. Sumar sýna að

yngra fólk sé líklegra til að svíkja undan skatti en eldra (Richardson 2006; McGee & Tyler 2006), en aðrar sýna hið gagnstæða (Miranda o.fl. 2023; Mohamad o.fl. 2017). Niðurstöður nýlegrar rannsóknar Miranda o.fl. (2023) sýndu að hvorki tekjur né menntun skýri skattsvik, hins vegar hafa aðrar rannsóknir bent til þess að bæði tekjur og menntun geti haft áhrif á slíka hegðun. Sumar þeirra hafa sýnt að tekjuhærra fólk og fólk með meiri menntun telji það frekar ásætlanlegt að svíkja undan skatti (McGee & Tyler 2006; Mohamad o.fl. 2017) en aðrar hafa bent til þess að tekjulægra fólk og fólk með minni menntun sé líklegra til að svíkja undan skatti (Richardson 2006; Oz Yalama & Gumus 2013). Rétt eins með ytri þætti þá virðast lýðfræðilegu þættirnir aðeins ná að skýra hluta sögunnar. Vegna þessa hefur áhersla á innri þætti aukist á síðari tímum (Hofmann o.fl. 2008) en meðal slíkra þátta er siðferðiskennd fólks sem talin er geta spilað veigamikinn þátt í skattahegðun (Alm & Torgler 2011; Feld & Frey 2002; Kirchgässner 2011; Torgler 2003).

## 2. Skattasiðferði

Skattasiðferði vísar til innri hvatningar einstaklinga til að borga skatta (Alm & Torgler 2004). Hátt skattasiðferði endurspeglar því lítinn hvata fólks til að skjóta undan skatti (Owusu o.fl. 2021; Torgler 2003) enda telur fólk með hátt skattasiðferði það vera siðferðilega skyldu sína að greiða skatta, jafnvel þó fjárhagslega hagkvæmara væri fyrir það að reyna að komast hjá því (Kirchgässner 2011; Luttmer & Singhal 2014). Slíkt fólk myndi upplifa mikla sektarkennd ef það myndi svíkja undan skatti (Lee 2016; Luttmer & Singhal 2014) en fólk með lágt skattasiðferði telur slíkt vel ásætlanlegt (Kempe o.fl. 2020). Þrátt fyrir að skattasiðferði snúi að innri hvata fólks og sé því tengdara viðhorfum frekar en hegðun hefur verið sýnt fram á áhrif þess á raunverulega hegðun þegar kemur að greiðslu skatta. Eftir því sem skattasiðferði er lægra, því líklegra er að fólk skjóti undan skatti (Dell'Anno 2009; Di Gioacchino & Fishera 2020; Kirchgässner 2011). Í ljósi þess er tilgáta 1 sett fram:

$T_1$ : Eftir því sem fólk hefur lægra skattasiðferði, því líklegra er það til að svíkja undan skatti.

Luttmer og Singhal (2014) sýndu fram á að hegðun jafningja ásamt samfélagslegum viðmiðum geta haft áhrif á innri hvatningu einstaklinga til að greiða skatta og þar með á skattasiðferði. Jafnframt sýndu niðurstöður Frey og Torgler (2007) að innri hvatning til að greiða skatta eykst eftir því sem fólk telur líklegra að aðrir þjóðfélagsþegnar standi sína plikt. Allir njóta góðs af sameiginlegum sjóðum samfélagsins og því má seint teljast sanngjarn að þau sem skjóta undan skatti njóti sömu þjónustu og þau sem greiða sína skatta samviskusamlega. Vegna þessa skynjaða óréttlætis getur fólk sem horfir upp á aðra svíkja undan, farið að réttlæta það fyrir sjálfu sér að gera slíkt hið sama (Kempe o.fl. 2020).

Sú lagalega og pólitíska umgjörð sem er í hverju landi hefur jafnframt áhrif á skattasiðferði. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að traust skattgreiðenda gagnvart hinu opinbera, bæði lagaumhverfinu og stjórnvöldum, hefur jákvæð áhrif á skattasiðferði (Alm

& Torgler 2006; Frey & Torgler 2007; Hug & Spörri 2011; Lago-Peñas & Lago-Peñas 2010). Það gefur tilefni til að álykta að ef traust gagnvart hinu opinbera er lítið í tilteknu samfélagi sé líklegt að skattasiðferði sé almennt lágt.

### 3. Persónuleiki

Viðurkennd persónuleikalíkön innan atferlisvísinda ganga út frá því að persónuleiki samanstandi af nokkrum persónuleikaþáttum þar sem sérhver þáttur er talinn ná utan um tiltekna eiginleika sem endurspeglast meðal annars í skapgerð, hegðunarmynstri, hvatningu og viðbrögðum fólks í ólíkum aðstæðum (Ashton & Lee 2001; Goldberg 1990; McCrae & John 1992). Á „leikmannamáli“ mætti segja að persónuleiki nái utan um það „hvernig típa“ fólk er. Langþekktasta persónuleikalíkanið og það útbreiddasta er líklega Fimm þátta líkanið sem samanstendur af persónuleikaþáttunum tilfinningasemi, úthverfu, samvinnuþýði, samviskusemi og víðsýni (sjá t.d. Goldberg 1990; McCrae & Costa 1995). Í upphafi þessarar aldar hafa þó komið fram líkön sem eru sífellt meira notuð í persónuleikarannsóknum. Meðal þeirra eru HEXACO líkanið og líkan Hinnar myrku þrenningar.

**Tafla 1.** Persónuleikaþættir HEXACO

Þættir	Einkenni
Heiðarleiki-audmýkt	Einkennist af því að vera einlægur, sanngjarn og hógvær. Einstaklingur sem mælist hátt í heiðarleika og audmýkt er ekki líklegur til að sýna af sér græðgi eða ráðskast með aðra til að fá sínu framengt og er því ekki tilbúinn til að svíkja, stela eða nýta sér aðra til eigin hagsmuna. Hann sýnir gjarnan miklum auði, lúxusvörum eða hári samfélagslegri stöðu áhugaleysi og telur sig ekki yfir aðra hafinn.
Tilfinningasemi	Einkennist af því að hafa áhyggjur vegna smávægilegra vandamála, finna auðveldlega fyrir ótta eða kvíða og mikla þörf fyrir tilfinningalegum stuðningi frá öðrum. Einstaklingur sem mælist hátt í tilfinningasemi er gjarnan ósjálfstrúggur og deilir vandálum sínum með þeim sem veita hvatningu og huggun til að takast á við þau. Hann binst öðrum með sterkum tilfinningalegum tengslum og er næmur á tilfinningar annarra.
Úthverfa	Einstaklingur sem mælist hátt í úthverfu er gjarnan opin og málgláður, jafnvel á dramatískan hátt. Hann sækist alla jafna í mikinn gleðskap og er bjartsýnn og lífsglaður. Hann hefur gaman af samræðum, félagslegum samskiptum og mannamótum. Hann er spenntur og dramatískur í eðli sínu.
Samvinnuþýði	Einkennist af almennri góðmennsku, umburðarlyndi og velvilja. Einstaklingur sem mælist hátt í samvinnuþýði er ekki langrækin og yfirleitt tilbúinn að treysta fljótt þeim sem hafa gert á hans hlut. Hann er ekki dómharður á persónu annarra, er sveigjanlegur til málamiðlana og þolinmóður.
Samviskusemi	Einstaklingur sem mælist hátt í samviskusemi einkennist af mikilli reglusemi og leggur almennt hart að sér. Hann er tilbúinn að leggja sig allan fram til að takast á við verkefni og jafnvel haldinn fullkommunaráráttu. Hann er ítarlegur, hugsar mikið út í smáatriði og leitar leiða til úrbóta. Hann ihugar vel og vandlega verkefni eða aðstæður og heldur aftur af hvötum sínum.
Víðsýni	Einstaklingur sem mælist hátt í víðsýni er listrænn og laðast að náttúrufergurð. Hann leitar sér upplýsinga og öðlast reynslu frá náttúrunni og heimi mannsins. Hann hefur unun af því að afla sér fróðleiks með lestri og ferðalögum og leitar lausna á vandálum. Hann er móttækilegur fyrir nýjum hugmyndum sem jafnvel gætu reynst róttækar eða undarlegar.



HEXACO, sem byggir á Fimm þátta líkaninu, hefur náð töluverðri útbreiðslu og hefur verið notað í fjölbreyttum persónuleikarannsóknum. Má þar til dæmis nefna rannsóknir sem lúta að starfsáhuga (McKay & Tokar 2012), pólitískum viðhorfum (Chirumbolo & Leone 2010), frammistöðu (Noftle & Robins 2007) og áhættusækni (Weller & Thulin 2012). Örlítill munur er á sumum persónuleikaþáttunum milli HEXACO og Fimm þátta líkansins, en það sem skilur helst á milli er sjötti þátturinn, heiðarleiki-auðmýkt, sem er einkennandi fyrir HEXACO. Þessi sjötti þáttur er talinn bæta við mikilvægum eiginleikum sem sumir telja að Fimm þátta líkanið nái ekki nægilega vel utan um (Abbasi o.fl. 2020; Worth & Book 2014). Í töflu 1 má sjá hvað einkennir hvern þátt í HEXACO þar sem byggt er á umfjöllunum Asthon o.fl. (2014) og Lee og Ashton (2004).

Á undanförunum árum hefur Hin myrka þrenning notið vaxandi vinsælda í fjölbreyttum persónuleikarannsóknum, m.a. í tengslum við hegðun á vinnustöðum (de Vries 2006; Furnham 2010), hegðun á skólagöngu (Nathanson o.fl. 2006; Williams o.fl. 2010) og hegðun við makaval (Jonason & Kavanagh 2010; Jones & Paulhus 2011). Persónuleikaþættirnir þrír, machiavellianismi, sjálfsdýrkun og siðblinda, sem mynda Hina myrku þrenningu eru allir taldir endurspeglar fremur óæskilega eiginleika (Smith o.fl. 2018). Þeir eiga það sameiginlegt að fólk sem mælist hátt á þeim er almennt tillitslaust gagnvart öðrum, skortir samkennd, hefur tilhneigingu til sjálfupphafningar og sýnir af sér tilfinningalegan kulda (Paulhus & Williams 2002; Szabó o.fl. 2018). Þrátt fyrir þessi sameiginlegu einkenni sýndu Paulhus og Williams (2002) fram á að hver og einn þessara þátta hefur tiltekin aðgreinandi einkenni og eru þeir því ólíkar hugsmíðar. Í töflu 2 eru dregin fram einkenni hvers þáttar þar sem byggt er á umfjöllunum Akhtar o.fl. (2013), Back o.fl. (2013), McHoskey o.fl. (1998), Paulhus og Williams (2002) og Shafer og Wang (2017).

**Tafla 2.** Persónuleikaþættir Hinnar myrku þrenningar

Þættir	Einkenni
Machiavellianismi	Einkennist af kaldlyndum og tortrygnum einstaklingi sem ráðskast með aðra. Hann skortir umhyggju og hefur ekki sömu mörk og aðrir varðandi almenn siðferðisviðmið. Hann hefur mikla þörf fyrir völd, háa samfélagslega stöðu og peninga. Hann er reiðubúinn að notast við hverskonar klækjabróð til að ná eigin markmiðum og upphæfa sjálfan sig á kostnað annarra. Hann býr oftast en ekki yfir miklum sjarma og þokka en á sama tíma er hann yfirborðskenndur og gjarn á lygar, illa meðferð og svik og finnur til lítillar sektarkenndar eða iðrunar.
Sjálfsdýrkun	Einkenni sjálfsdýrkunar er mikil þörf á að vera dáður og dýrkaður af öðrum. Einstaklingur sem mælist hátt í sjálfsdýrkun er fullur af stolti og eigingirni og notast við aðferðir á borð við sjálfstyrkingu til að fanga athygli annarra eða jafnvel niðurlægja aðra til að upphæfa sjálfan sig. Hann hefur mikið sjálföryggi sem vekur oft aðdáun annarra. Hann skortir jafnan samkennd og er hvatvís, ráðandi og sýnir jafnvel af sér árasagiarna hegðun.
Siðblinda	Einkennist af andfélagslegri hegðun og lítilli sjálfstjórn sem veldur því að einstaklingurinn hefur mikla þörf fyrir að fylgja skyndilegum hvötum. Einstaklingur sem þjáist af siðblindu er svikull, hvatvís, ábyrgðalaus og hann skortir tilfinningalega upplifun. Siðblindur einstaklingur nýtir sér oft lærða hegðun sér til framdráttar og getur jafnvel talist heillandi og skemmilegur. Hann er yfirborðskenndur, stjórnsamur og grunnhygginn og óttast því ekki neikvæðar afleiðingar hegðunar sinnar eða finnur til sektarkenndar.

Í bæði HEXACO og Hinni myrku þrenningu eru persónuleikabættirnir hugsaðir á kvarða. Hugsunin er ekki sú að fólk tilheyrir einum persónuleikabætti heldur að fólk mælist á þeim öllum, en á ólíkum stað á kvarða. Fólk getur sem dæmi mælist nokkuð hátt á einum eða tveimur þáttum, nokkuð lágt á öðrum og fyrir miðju á enn öðrum. Sú blanda sem einkennir staðsetningu einstaklings á hverjum persónuleikabætti myndar persónuleika einstaklingsins og er því persónuleiki hvers og eins í raun einstakur.

#### 4. Samhengi skattsvika og persónuleika

Þrátt fyrir að skortur sé á rannsóknum þar sem þekkt og viðurkennd persónuleikalíkön hafa verið notuð til að kanna hvort persónuleiki geti skýrt skattasiðferði og skattahegðun (Huels & Parboteeah 2019) má leiða að því líkum að það kunni að vera samband á milli þessara þátta. Það er ýmislegt varðandi persónuleikaeinkennin sem endurspeglar annars vegar HEXACO líkanið og hins vegar líkan Hinnar myrku þrenningar sem gerir það að verkum að gera má ráð fyrir að samhengi sé milli þeirra einkenna og þess hversu ólíklegt eða líklegt fólk er til að svíkja undan skatti.

Einstaklingar sem mælast hátt á heiðarleika-auðmýkt eru líklegir til að fylgja þeim samfélagslegu viðmiðum sem eru ríkjandi (Owusu o.fl. 2021). Gera má ráð fyrir að það að greiða sína lögbundnu skatta feli í sér að fylgja samfélagslegum viðmiðum. Eðli máls samkvæmt fela skattsvik jafnframt í sér óheiðarlega hegðun sem líklegt er að endurspegli hegðun þeirra sem mælast lágir á viddinni. Í ljósi framangreinds er tilgáta 2 sett fram:

T<sub>2</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikabættinum heiðarleiki-auðmýkt, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti.

Einstaklingar sem mælast háir á tilfinningasemi eru ólíklegir til að taka þátt í hverskonar svindli (Cizek 1999; Jackson o.fl. 2002) eða annars konar hegðun sem ekki er samfélagslega samþykkt, m.a. af ótta við að verða gripnir við slíka iðju (Owusu o.fl. 2021). Í ljósi þessa er eftirfarandi tilgáta sett fram:

T<sub>3</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikabættinum tilfinningasemi, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti.

Þeir einstaklingar sem stunda efnahagsbrot eru áhættusæknir, félagslega opnir og vilja vera álitnir vinsælir (Alalehto 2003). Slíkir eiginleikar einkenna gjarnan fólk sem mælist hátt á úthverfu enda hafa niðurstöður rannsókna sýnt jákvætt samband milli úthverfu og efnahagsbrota (Alalehto 2003; Huels 2017; Turner 2014). Því er tilgáta 4 sett fram.

T<sub>4</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikabættinum úthverfa, því líklegra er það til að svíkja undan skatti.

Samvinnuþýðir einstaklingar eru líklegir til að finna til samúðar og umhyggju gagnvart öðrum (Huels 2017) og sýna almennt af sér siðsamlega hegðun (Kalshoven o.fl. 2011). Niðurstöður fyrri rannsókna benda til þess að eftir því sem einstaklingar mælast lægra á samvinnuþýði því líklegri séu þeir til að fremja efnahagsbrot (Alalehto 2003; Turner 2014). Í ljósi þessa er tilgáta 5 sett fram.



T<sub>5</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikaþættinum samvinnuþýði, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti.

Einstaklingar sem mælast lágir á samvisskusemi hafa tilhneigingu til að sýna af sér hvatvísi og leiða hugann síður að afleiðingum gjörða sinna (Lee & Ashton 2004). Samvisskusamir einstaklingar eru jafnframt líklegir til að haga sér á siðsamlegan og ábyrgan hátt (Kalshoven o.fl. 2011) og leggja upp úr því að fylgja lögum og reglum (Karim o.fl. 2009). Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt að þeir sem mælast lágir á samvisskusemi eru líklegri til að svindla (Williams o.fl. 2010) og sýna af sér glæpsamlega hegðun (Alaletho 2003; Collins & Schmidt 1993; Turner 2014), m.a. skattsvik (Huels & Parboteeah 2019; Turner 2014). Í ljósi framangreinds er eftirfarandi tilgáta sett fram:

T<sub>6</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikaþættinum samvisskusemi, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti.

Þrátt fyrir vísbendingar um að víðsýnir einstaklingar lýsi yfir vilja til að greiða skatta þá virðast ekki greinast tengsl milli persónuleikaþáttarins og skattsvika (sjá t.d. Huels 2017; Turner 2014). Einstaklingar sem mælast háir á víðsýni virðast því hvorki ólíklegri né líklegri til að svíkja undan skatti en þeir sem mælast lágir á persónuleikaþættinum. Í ljósi þessa er eftirfarandi tilgáta sett fram:

T<sub>7</sub>: Ekki eru tengsl milli víðsýni og áforma um skattsvik.

Líkt og heiti líkansins gefur til kynna endurspegla þættirnir þrír sem tilheyra Hinni myrku þrenningu dökkar hliðar á persónuleika fólks og fela því í sér eiginleika sem geta leitt til óæskilegrar eða vafasamrar hegðunar. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að fólk sem mælist hátt á machiavellianisma sé líklegt til að sýna af sér ýmiss konar svikula hegðun (Fehr o.fl. 1992; Harrison o.fl. 2018) m.a. að svíkja undan skatti (Murphy 2012; Shafer & Wang 2017) og miðað við niðurstöður Murphy (2012) virðist það ekki finna til sektarkenndar yfir slíkri hegðun. Vegna þessa er tilgáta 8 sett fram:

T<sub>8</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikaþættinum machiavellianisma, því líklegra er það til að svíkja undan skatti.

Niðurstöður García-Meca o.fl. (2021) sýndu að stjórnendur fyrirtækja sem haldnir eru sjálfsdýrkun eru líklegir til að reyna að komast hjá því að greiða skatta í þeim tilgangi að ýta undir jákvæða fjárhagslega afkomu sinna fyrirtækja. Jafnframt hafa aðrar rannsóknir sýnt fram á að einstaklingar með mikla sjálfsdýrkun hafi tilhneigingu til að stunda ýmiss konar efnahagsbrot (Alalehto 2003; Blickle o.fl. 2006; Harrison o.fl. 2018). Í ljósi þessa er tilgáta 9 sett fram:

T<sub>9</sub>: Eftir því sem fólk mælist hærra á persónuleikaþættinum sjálfsdýrkun, því líklegra er það til að svíkja undan skatti.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar sem mælast háir á siðblindu hafi tilhneigingu til sviksamlegrar og jafnvel glæpsamlegrar hegðunar (Bailey 2015; Modic o.fl. 2018; Neu-

mann & Hare 2008). Miðað við niðurstöður Harrison o.fl. (2018) er það fólk jafnframt gjarnt á að finna leiðir til að réttlæta sviksamlega hegðun sína. Í ljósi þessa er eftirfarandi tilgáta sett fram:

$T_{10}$ : Eftir því sem fólk mælist herra á persónuleikaþættinum siðblindu, því líklegra er það til að svíkja undan skatti.

## 5. Aðferð

### 5.1 Þátttakendur

Þýði rannsóknarinnar voru íslenskir samfélagsþegnar. Við val á þátttakendum var notast við rafrænt hentugleikaúrtak í gegnum samfélagsmiðla þar sem leitast var við að ná til fjölbreytts hóps. Af 593 þátttakendum sögðust 70,7% vera konur, 28,5% karlar og 0,8% kynsegin. Líkt og sjá má í töflu 3 reyndist ágæt dreifing í aldri, menntun og tekjum þátttakenda en eins og oft vill verða þegar um hentugleikaúrtök er að ræða reyndist dreifingin í úrtakinu nokkuð ólík dreifingunni í þýðinu. Þegar horft er til upplýsinga á vef Hagstofunnar (e.d.b) má sjá að úrtakið er nokkuð skekk með tilliti til aldurs þar sem herra hlutfall tilheyrir yngri aldurshópum en raunin er í þýðinu. Hlutfall karla í úrtakinu er töluvert lægra en í þýðinu þar sem það er 51,5% (Hagstofa Íslands, e.d.b), en það er þekkt að konur eru töluvert viljugri til að taka þátt í könnunum er karlar (sjá t.d. Becker 2022; Slauson-Blevins & Johnson 2016; Søgaard o.fl. 2004). Menntunarstig úrtaksins er örlítið herra en þýðisins (sjá Hagstofa Íslands, 2023b) en hlutfall fólks í lægri tekjuhópum er herra í úrtakinu en í þýðinu (sjá Hagstofa Íslands, e.d.a). Úrtaksskekkjur sem verða þegar hentugleikaúrtökum er beitt leiða til þess að varast þarf að yfirfæra niðurstöðurnar gagnrýnislaust yfir á þýðið.

**Tafla 3.** Bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur

Aldur		Menntun	Mánaðartekjur		
20 ára eða yngri	5,9%	Grunnskólapróf	2,9%	300.000 kr. eða lægri	32,5%
21-30 ára	40,3%	Iðnmenntun	5,7%	300.001-500.000 kr.	20,2%
31-40 ára	19,8%	Stúdentspróf	40,5%	500.001-700.000 kr.	17,5%
41-50 ára	14,3%	Grunnnám á háskólastigi	24,7%	700.001-900.000 kr.	15,8%
51-60 ára	12,6%	Framhaldsnám á háskólastigi	23,8%	900.001-1.000.000 kr.	5,4%
61 árs og eldri	7,1%	Doktorsgráða	0,6%	Hæri en 1.000.000 kr.	8,6%
		Annað	1,8%		

### 5.2 Mælitæki

Fyrri markmið rannsóknarinnar snéri að því að kanna hvort skattasiðferði ásamt persónuleikaeinkennum HEXACO líkansins og líkani Hinnar myrku þrenningar kunni að skýra hversu líklegt fólk er til að svíkja undan skatti. Til að kanna það var hannaður samsettur kvarði, byggður á fyrri rannsóknum, sem ætlað var að mæla áform um skatt-

svik, skattasiðferði, persónuleikaeinkenni byggð á HEXACO líkaninu og persónuleikaeinkenni byggð á líkani Hinnar myrku þrenningar.

Það getur verið snúið að mæla skattsvik með sjálfsmatskvörðum enda má búast við að sumt fólk eigi erfitt með að viðurkenna að hafa sýnt af sér ranga eða ólögmeta hegðun, jafnvel þó matskvarði sé nafnlaus. Kirchler og Wahl (2010) telja að í ljósi þessa geti það leitt til meiri áreiðanleika að spyrja um áform um hegðun, í stað þess að spyrja beint um fyrri hegðun. Áform gefa vísbendingu um vilja til að haga sér á tiltekinn hátt. Því sterkari sem áform einstaklings eru um að framkvæma tiltekna hegðun, því meiri líkur eru á að viðkomandi framkvæmi umrædda hegðun (Beck & Ajzen 1991). Til að mæla hversu líklegt fólk er til að svíkja undan skatti var því farin sú leið að mæla áform um skattsvik. Til að ná utan um áformin var horft til fyrri rannsókna (Alleyne & Harris 2017; Beck & Ajzen 1991; Owusu o.fl. 2021). Notast var við þrjár fullyrðingar: (1) Ég myndi skjóta undan skatti ef ég hefði tækifæri til þess, (2) Ég myndi aldrei skjóta undan skatti og (3) Ég mun líklega ekki skjóta undan skatti í framtíðinni. Þátttakendur tóku afstöðu til fullyrðinganna á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknaði að þeir væru mjög ósammála fullyrðingu og 5 táknaði að þeir væru mjög sammála fullyrðingu. Allir svarkostir voru merktir með orðgildum til að auka áreiðanleika (sjá t.d. Alwin og Krosnick 1991; Boote 1981).

Skattasiðferði var mælt með fimm atriðum úr könnuninni Survey of Household Income and Wealth líkt og gert hefur verið í ýmsum rannsóknum á skattasiðferði (sjá t.d. Barone & Mocetti 2011; Filippin o.fl. 2013; Lubian & Zarri 2011; Owusu o.fl. 2021). Atriðin fimm, sem þýdd voru af rannsakendum, má sjá í töflu 4. Þátttakendur tóku afstöðu til þess hversu sammála þeir voru fullyrðingunum og voru svarkostir þeir sömu og í mælingu á áformum um skattsvik.

#### Tafla 4. Mæling á skattasiðferði

Skattasiðferði
Að borga skatta er ein af grunnskyldum allra samfélagsþegna
Að borga ekki skatta er einn af verstu glæpum sem einstaklingur getur framið þar sem það skaðar samfélagið í heild sinni
Það er rangt að borga ekki skatta þrátt fyrir að þú teljir þá ósanngjarna
Þó svo einhver telji skattlagningu vera ósanngjarna ætti sá hinn sami að borga þá fyrst og kvarta svo ef nauðsyn ber til
Það er rétt að borga skatta því það hjálpar þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu

Við mat á persónuleikaeinkennum HEXACO líkansins var notast við 60 atriða útgáfu af kvarðanum HEXACO-PI-R þar sem 10 atriði eru notuð til að mæla hvert persónuleika-

Tafla 5. Mælingar á persónuleikabáttum HEXACO

Sex þættir HEXACO	
<b>Heiðarleiki-auðmýkt</b>	<b>Samvinnuþýði</b>
Ég myndi ekki smjæða til að fá launa- eða stöðuhækkun í starfi, jafnvel þó ég teldi að það myndi virka	Ég er sjaldan langrækin(n), jafnvel þótt fólk hafi komið illa fram við mig
Ég á skilið að mér sé sýnd meiri virðing en fólkí almennt*	Fólk segir mér stundum að ég sé of gagnrýnin(n) á aðra*
Ef ég vissi að ég kæmist upp með það þá væri ég til í að stela 100 milljónum króna*	Fólk segir mér stundum að ég sé of þrjósku(ur)*
Ég myndi aldrei þiggja mútur, jafnvel þó upphæðin væri mjög há	Jafnvel þegar fólk gerir mikið af mistökum þá segi ég sjaldan eitthvað neikvætt
Ef ég vil fá eitthvað frá einhverjum, hlæ ég jafnvel að lélegustu bröndurum viðkomandi*	Fólk telur mig vera frekar skapbráða(n)*
Ég myndi njóta þess mikið að eiga dýra munaðarvöru*	Afstaða mín gagnvart fólkí sem hefur komið illa fram við mig er að „fyrirgefa þeim og gleyma“
Ég vil að fólk vitu að ég er mikilvæg og mikils metin(n) manneskja*	Ég hef tilhneigingu til að vera mjög mild(ur) í mati á öðru fólkí
Ég myndi ekki þykjast líka vel við einvern eingöngu til að fá viðkomandi til að gera mér greiða	Þegar fólk segir mér að ég hafi rangt fyrir mér þá eru mín fyrstu viðbrögð að þræta fyrir það*
Ég tel það ekki mikilvægt að eiga mikið af peningum**	Flestir reidast fyrr en ég
Mér þætti freistandi að nota falsaða peninga ef ég væri viss um að ég kæmist upp með það*	Ég á það til að hagraða skoðunum mínum þegar fólk er ósammála mér**
<b>Tilfinningasemi</b>	<b>Samviskusemi</b>
Ég kemst stundum ekki hjá því að hafa áhyggjur af smávægilegum hlutum	Ég skipulegg mig fyrirfram til að lenda ekki í vandræðum á síðustu stundu
Ég yrði hrædd(ur) ef ég þyrfti að ferðast í slæmu veðri	Ég legg oft hart að mér þegar ég reyni að ná tilteknu markmiði
Þegar ég tekst á við erfiða reynslu þarf ég á öðrum að halda til að líða betur	Þegar ég er að vinna að einhverju þá veit ég smáatriðum ekki mikla athygli*
Ég klökkna þegar ég sé annað fólk gráta	Ég vinn eins lítið og ég kemst upp með*
Ég get tekist á við erfiðar aðstæður án þess að þurfa tilfinningalegan stuðning frá öðrum*	Ákvarðanir mínar byggja á liðan minni þá stundina frekar en á mikilli umhugsun*
Í hættulegum aðstæðum verð ég mjög óttaslegin(n)	Ég reyni að vera nákvæm(ur) í starfi mínu þó það taki lengri tíma
Ég hef mun minni áhyggjur af hlutum en fólkí almennt*	Það hamlar mér stundum í starfi hversu óskipulöguð/óskipulagður ég er*
Ég upplifí sterkar tilfinningar þegar einhver nákominn mér er að fara í burtu í langan tíma	Fólk kallar mig oft fullkonnunarsinna**
Jafnvel í neyðartilfellum myndi ég ekki fyllast skelfingu*	Ég geri mörg mistök vegna þess að ég hugsa ekki áður en ég framkvæmi*
Ég er ekki tilfinningasöm/tilfinningasamur, jafnvel í aðstæðum þar sem flestir verða mjög snortnir*	Ég kys frekar að gera það sem mér dettur í hug hverju sinni en að fylgja ákveðinni áætlun*
<b>Úthverfa</b>	<b>Viðsýni</b>
Ég kys frekar störf sem fara í sér félagsleg samskipti en störf þar sem ég þarf að vinna ein(n)	Ég myndi njóta þess að skapa listaverk eins og að skrifa skáldsögu, búa til tónlist eða málverk
Á heildina lítið þá er ég últölulega ánægð(ur) með sjálfa(n) mig	Mér myndi leiðast frekar mikið að fara á listasafn*
Ég læt sjaldan í ljós skoðanir mínar á fundum*	Ég hef áhuga á að fræðast um sögu og stjórnmál annarra landa
Ég er flesta daga bæði gláðvær og bjartsýn(n)	Ég tel það úmasóun að veita röttækum hugmyndum athygli*
Ég held að ég sé óvinsæl(l)*	Ef tekifæri byðist þá myndi ég fara á klassíska tónleika
Ég sýni yfirleitt frumkvæði í mannlegum samskiptum	Ég hef aldrei haft gaman af því að fletta alfræðiorðabókum*
Það fyrsta sem ég geri á nýjum stað er að kynna nýju fólkí	Mér hefur oft verið sagt að ég hafi frjótt ímyndunarafli
Flestir eru hressari og virkari en ég*	Mér líkar vel við fólkí sem hefur óhefðbundnar hugmyndir
Stundum finnst mér ég vera til einskis nýt(ur)*	Ég lít ekki á sjálfa(n) mig sem listræna eða skapandi manneskju*
Þegar ég er í hópi fólks þá er ég oft sú/sá sem talar fyrir hönd hópsins	Mér finnst leiðtönglegt að ræða heimspekileg viðfangsefni*

\* Viðsúin atriði við sameiningu í þætti

\*\* Atriðum sleppt við sameiningu í þætti til að auka áreiðanleika

einkenni. Þá útgáfu má sjá í töflu 5 en þýðingin og staðfærslan hefur verið viðurkennd af Lee og Ashton, höfundum mælitækisins og er aðgengileg almenningi (sjá Lee & Ashton, e.d.). Svarkostir voru á fimm punkta kvarða þar sem þátttakendur tóku afstöðu til þess

## Tafla 6. Mælingar á persónuleikabáttum Hinnar myrku þrenningar

### Þrjú þættir Hinnar myrku þrenningar

#### Machiavellianismi

- Mér líkar að nota klækjabróð til þess að fá mínu framgengt
- Sama hvað það kostar, þá er nauðsynlegt að hafa áhrifamikið fólk á sínu bandi
- Ég forðast bein átök við aðra einstaklinga því að þeir geta komið mér að gagni í framtíðinni
- Það er skynsamlegt að halda til haga upplýsingum um einstaklinga sem ég get notað gegn þeim í framtíðinni
- Það eru ákveðnir hlutir sem maður þarf að halda leyndu fyrir öðru fólki til að passa upp á orðspor sitt
- Þú átt að biða eftir rétta tímanum til þess að hefna þín á fólki
- Ég passa upp á að áætlanir mínar gagnist mér, ekki öðrum
- Það er hægt að ráðskast með flest fólk
- Það er ekki skynsamlegt að segja frá leyndarmálum\*\*

#### Sjálfsdýrkun

- Fólk sér mig sem meðfæddan leiðtoga
- Ég þoli ekki að vera miðpunktur athyglinnar\*
- Hópastarfsemi á það til að vera leiðinleg án mín
- Ég veit að ég er einstök/einstakur því fólk er stöðugt að segja mér það
- Mér finnst gaman að kynnst mikilvægu fólki
- Fólk hefur borið mig saman við fræga einstaklinga
- Ég er meðaljón\*
- Ég fer hjá mér þegar mér er hrósað\*\*
- Ég krefst þess að fá þá virðingu sem ég á skilið\*\*

#### Siðblinda

- Mér finnst gaman að hefna mín á yfirvöldum
- Ég forðast hættulegar aðstæður\*
- Hefnd þarf að vera snögg og kvikindsleg
- Fólk segir oft að ég sé stjórnlaus
- Í sannleika sagt þá á ég það til að vera kvikindsleg(ur) við aðra
- Fólk sem gerir eitthvað á minn hlut sér alltaf eftir því
- Ég hef aldrei lent í kasti við lögin\*
- Ég nýt þess að sofa hjá fólki sem að ég þekki varla
- Ég segi hvað sem er til þess að fá mínu framgengt

\* Viðsnúin atríði við sameiningu í þætti

\*\* Atríðum sleppt við sameiningu í þætti til að auka áreiðanleika

hversu sammála þeir voru tilteknum fullyrðingum, líkt og í mælingum á áformum um skattsvik og skattasiðferði.

Persónuleikaeinkenni Hinnar myrku þrenningar voru mæld með 27 atriða kvarðanum The Short Dark Triad líkt og algengt er í fyrri rannsóknum (sjá t.d. Arvan 2013; Ashton-James & Levordashka 2013; Baughman o.fl. 2012; Giammarco o.fl. 2013; Holtzman 2011; Jones & Paulhus 2014; Lee o.fl. 2013). Hver þáttur í líkani Hinnar myrku þrenningar var mældur með 9 atriðum sem má sjá í töflu 6. Svarkostir voru á 5 punkta kvarða þar sem þátttakendur tóku afstöðu til þess hversu sammála þeir voru fullyrðingunum.

Spurningalistinn var forþróaður til að kanna skilning og skýrleika. Smávægilegar atugasemdir komu fram varðandi orðalag sem brugðist var við.

### 5.3 Framkvæmd og tölfræðileg úrvinnsla

Fyrirlögn fór fram á vormánuðum 2022. Samfélagsmiðillinn Facebook var nýttur í gagnaöflun og kapp lagt á að ná til fjölbreytts hóps. Jafnframt var könnunin send á grunnnemendur allra deilda Háskóla Íslands í gegnum tölvupóst.

Mögulegum þátttakendum voru kynnt markmið rannsóknarinnar og hverjir stæðu á bak við hana. Um langa könnun var að ræða en til að auka líkur á þátttöku var boðið upp á tvö gjafabréf frá Landsbankanum, hvort um sig að andvirði 10.000 kr. Til að eiga kost á að hljóta þann vinningur urðu þátttakendur að skrá netfang sitt í lok könnunarinnar en þeim var þó gert ljóst að þátttaka væri valfrjáls og myndi ekki hafa áhrif á nafnleynd.

Við tölfræðilega úrvinnslu var notast við hugbúnaðinn Jamovi. Áreiðanleiki allra mælinga var kannaður með áreiðanleikastuðli kenndum við Chronbach. Áreiðanleiki mælingarinnar um áform um skattsvik reyndist góður ( $\alpha = 0,836$ ) en áreiðanleiki skattasiðferðis var heldur lágur ( $\alpha = 0,633$ ). Ekki reyndist unnt að auka áreiðanleikann með því að sleppa einstaka atriðum mælingarinnar og er því vert að endurskoða mælinguna í frekari rannsóknum. Í þremur þáttum HEXACO reyndist áreiðanleikinn nokkuð góður, þ.e. í tilfelli tilfinningasemi ( $\alpha = 0,792$ ), úthverfu ( $\alpha = 0,809$ ) og víðsýni ( $\alpha = 0,800$ ). Í hinum þremur þáttum HEXACO var tekin ákvörðun um að sleppa einu atriði í hverjum persónuleikarætti til að auka áreiðanleika mælinganna (sjá merkingar í töflu 5). Við það varð áreiðanleiki samvinnuþýðis ( $\alpha = 0,710$ ), samviskusemi ( $\alpha = 0,751$ ) og heiðarleika-audmýktar ( $\alpha = 0,687$ ) ásættanlegur. Áreiðanleiki persónuleikarátta Hinnar myrku þrenningar reyndist í lægra lagi. Í tveimur þeirra, machiavellianismi ( $\alpha = 0,724$ ) og sjálfstyrkun ( $\alpha = 0,693$ ) var atriðum sleppt til að auka áreiðanleika (sjá töflu 6) en í siðblindu ( $\alpha = 0,676$ ) reyndist ekki unnt að auka áreiðanleika með því að sleppa einstökum atriðum. Í tilfelli allra mælinga voru atriðin sameinuð í eina breytu þar sem vægi atriða var jafnt.

Til að kanna tilgátarnar var framkvæmd Pearson fylgnigreining þar sem tengsl milli áforma um skattsvik voru könnuð við annars vegar skattasiðferði og hins vegar við persónuleikarættina níu sem voru til skoðunar. Til að varpa enn skýrara ljósi á fyrra markmið rannsóknarinnar sem snéri að því að kanna hvort skattasiðferði ásamt persónuleikarættunum kunni að skýra hversu líklegt fólk er til að svíkja undan skatti var



framkvæmd margvið aðhvarfsgreining. Auk skattasiðferðis og persónuleikaeinkennanna níu voru lýðfræðibreyturnar kyn, aldur, menntun og tekjur settar inn í aðhvarfslíkanið. Aldri, menntun og tekjum var breytt í tvíkosta breytur. Aldri var skipt í yngra fólk sem samanstóð af 30 ára og yngri og eldra fólk sem samanstóð af 31 árs og eldri. Menntunarstigi var skipt í lægra menntunarstig sem samanstóð af fólki án háskólamenntunar og herra menntunarstig sem samanstóð af fólki með háskólamenntun. Tekjum var skipt í lægri tekjur sem náði yfir mánaðartekjur undir 500 þúsund krónum og hærri tekjur þar sem miðað var við mánaðartekjur yfir 500 þúsund. Forsenda um normaldreifingu villulíða hélt samkvæmt normalriti og leifarit gaf ekki tilefni til að ætla að frávillingar væru í gagnasafninu. Jafnframt reyndist ekki ástæða til að óttast sjálffylgni ( $DW=2,01, p<0,930$ ) eða marglínuleika (VIF var á bilinu 1,12 til 2,34 og þolið á bilinu 0,428 til 0,891).

Til að kanna seinna markmið rannsóknarinnar sem snéri að því að varpa ljósi á hvað einkenni þá hópa íslenskra skattgreiðenda sem fýsilegast er að einblína á með það að leiðarljósi að draga úr skattsvikum voru gögnin klasagreind með K-means aðferð, annars vegar út frá áformum um skattsvik og hins vegar út frá skattasiðferði.

## 6. Niðurstöður

Niðurstöðurnar sem birtast í töflu 7 sýna sterk jákvæð tengsl milli skattasiðferðis og áforma um skattsvik. Eftir því sem fólk hefur lægra skattasiðferði því líklegra er að það til að svíkja undan skatti, sem styður tilgátu 1. Jafnframt má sjá að tengsl eru á milli áforma um skattsvik og sjö persónuleikaþátta af níu sem voru til skoðunar. Eftir því sem fólk mælist herra á heidarleika-audmýkt, tilfinningasemi og samviskusemi, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti. Tilgátur 2, 3 og 6 eru því studdar. Tilgáta 4 var jafnframt studd þar sem tengslin milli áforma um skattsvik og úthverfu voru neikvæð, en þau voru þó mjög veik. Ekki reyndust vera tengsl milli áforma um skattsvik og vísýni sem styður tilgátu 7 en að auki reyndust ekki tengsl milli áforma um skattsvik og samvinnuþýðis og því er ekki hægt að styðja tilgátu 5.

**Tafla 7.** Tengsl áforma um skattsvik, skattasiðferðis og persónuleikaþátta

	Fylgni breyta mæld með Pearson r									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1 Áform um skattsvik										
2 Skattasiðferði	-0,543***									
3 Heidarleiki-audmýkt	-0,331***	0,218***								
4 Tilfinningasemi	-0,223***	0,172***	0,138**							
5 Úthverfa	0,099*	0,022	-0,035	-0,167***						
6 Samvinnuþýði	-0,075	0,057	0,205***	-0,136**	0,113**					
7 Samviskusemi	-0,151***	0,084	0,216***	0,068	0,162***	0,095*				
8 Vísýni	-0,078	0,129**	0,107*	-0,091*	0,156***	0,038	-0,012			
9 Machiavellianismi	0,241***	-0,185***	-0,566***	-0,253***	-0,093*	-0,228***	-0,208***	-0,093*		
10 Sjálfsdýrkun	0,146***	-0,118**	-0,369***	-0,246***	0,579***	-0,118**	0,015	0,199***	0,333***	
11 Siðblinda	0,347***	-0,196***	-0,480***	-0,317***	-0,069	-0,250***	-0,350***	-0,011	0,574***	-0,196***

\* p ≤ 0,05; \*\* p ≤ 0,01; \*\*\* p ≤ 0,001

Þegar horft er til persónuleikabáttanna sem tilheyra Hinni myrku þrenningu þá sýna niðurstöðurnar jákvæð tengsl þeirra allra við áform um skattsvik. Eftir því sem fólk mælist hærra á machiavellianisma, sjálfsdýrkun og siðblindu, því líklegra er það til að svíkja undan skatti. Tilgátur 8, 9, og 10 voru því studdar.

Niðurstöðurnar sýndu að karlar ( $M=2,45$ ,  $sf=1,16$ ,  $n=139$ ) eru líklegri til að hafa áform um að svíkja undan skatti en konur ( $M=1,95$ ,  $sf=0,88$ ,  $n=345$ ),  $t(482)=5,07$ ,  $p < 0,001$ ;  $d=0,51$ . Jákvæð, en veik tengsl reyndust vera milli áforma um skattsvik og tekna ( $r_s(474)=0,186$ ,  $p < 0,001$ ) þar sem fólk með hærri tekjur virðist nokkuð líklegra til að svíkja undan skatti en fólk með lægri tekjur. Niðurstöðurnar sýndu hvorki tengsl milli áforma um skattsvik og aldurs ( $r_s(485)=0,081$ ,  $p = 0,076$ ) né menntunar ( $r_s(476)=0,081$ ,  $p = 0,077$ ).

Í því skyni að varpa skýrara ljósi á tengslin milli áforma um skattsvik og skattasiðferðis annars vegar og persónuleikabáttanna hins vegar og um leið taka mið af því hvernig þessar breytur í sameiningu kunna að skýra áform um skattsvik var framkvæmd margvíð aðhvarfsgreining. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að breytileiki í áformum um skattsvik skýrist að töluverðu leyti annars vegar af skattasiðferði og hins vegar af persónuleikaeinkennunum níu sem voru mæld ( $R^2 = 0,436$ ;  $F(14, 417) = 23,1$ ,  $p < 0,001$ ). Í líkaninu var kyni, aldri, menntun og tekjum, haldið föstum. Líkt og sjá má í töflu 8 reyndist skattasiðferði hafa langsterkasta skýringarmáttinn á líkur á skattsvikum þegar tekið er tillit til persónuleikabáttanna níu og lýðfræðibreytanna.

**Tafla 8.** Skýringarmáttur breyta á áform um skattsvik

Skýribreytur	Áform um skattsvik				p-gildi
	B	SV	95% ÖM		
			NM	EM	
Skattasiðferði	-0,739	0,062	-0,861	-0,618	< 0,001
Heiðarleiki-audmýkt	-0,370	0,083	-0,532	-0,207	< 0,001
Tilfinningasemi	-0,032	0,066	-0,162	0,099	0,630
Úthverfa	0,205	0,080	0,047	0,362	0,011
Samvinnuþýði	-0,011	0,068	-0,144	0,123	0,878
Samvisekusemi	-0,119	0,070	-0,257	0,019	0,091
Víðsýni	-0,015	0,055	-0,123	0,093	0,787
Machiavellianismi	-0,087	0,081	-0,247	0,072	0,282
Sjálfsdýrkun	-0,222	0,098	-0,415	-0,030	0,024
Siðblinda	0,339	0,101	0,139	0,539	< 0,001
Kyn	-0,096	0,099	-0,292	0,099	0,333
Aldur	0,261	0,100	0,067	0,455	0,008
Menntun	0,085	0,092	-0,095	0,265	0,354
Tekjur	0,125	0,101	-0,073	0,323	0,216

Þegar horft er til persónuleikabáttanna sem mynda HEXACO líkanið sýna niðurstöðurnar að víddin heiðarleiki-auðmýkt hefur töluvert forspárgildi þegar kemur að áformum um skattsvik. Úthverfa hefur svolitunn skýringarmátt þó hann sé ekki afgerandi, en aðrir þættir HEXACO virðast ekki skýra áform um skattsvik þegar tekið er tillit til allra breytanna í aðhverfslíkaninu. Tvö af þremur persónuleikaeinkennum sem mynda líkan Hinnar myrku þrenningar reyndust skýra líkur á skattsvikum, þar sem forspárgildi siðblindu er álíka mikið og forspárgildi heiðarleika-auðmýktar auk þess sem sjálfstyrkun hefur marktækan en ekki veigamikinn skýringarmátt. Niðurstöðurnar gefa jafnframt áhugaverða mynd þegar horft er til lýðfræðilegra þátta. Hvorki kyn, menntun né tekjur reyndust spá fyrir um líkur á skattsvikum þegar skattasiðferði og persónuleikabættirnir eru teknir inn í myndina, hins vegar sýna niðurstöðurnar að eldra fólk virðist líklegra til skattsvika en yngra fólk.

**Tafla 9.** Þrjár klasar samfélagsþegna með tilliti til skattsvika og skattasiðferðis

	Heiðvirðu samfélagsþegnarir 47,7%			Hverfulu samfélagsþegnarir 35,6%			Refjóttu samfélagsþegnarir 16,7%			
	M	sf	n	M	sf	n	M	sf	n	
Áform um skattsvik	1,31	0,35	276	2,47	0,41	206	3,86	0,62	97	$F(2, 226)=1072,4, p < 0,001$
Skattasiðferði	4,33	0,42	276	3,81	0,52	206	3,25	0,70	97	$F(2, 227)=144,5, p < 0,001$
<b>HEXACO</b>										
Heiðarleiki og auðmýkt	3,76	0,56	238	3,54	0,57	164	3,29	0,68	74	$F(2, 187)=17,9, p < 0,001$
Tilfinningasemi	3,52	0,68	238	3,35	0,65	168	3,21	0,68	74	$F(2, 199)=6,8, p = 0,001$
Úthverfa	3,43	0,70	240	3,48	0,62	168	3,58	0,60	74	$F(2, 209)=1,6, p = 0,210$
Samvinnuþýði	3,35	0,60	238	3,30	0,59	168	3,24	0,58	74	$F(2, 201)=1,2, p = 0,302$
Samviskusemi	3,85	0,57	236	3,74	0,55	165	3,62	0,61	72	$F(2, 189)=4,5, p = 0,013$
Víðsýni	3,56	0,70	240	3,47	0,73	167	3,36	0,79	74	$F(2, 192)=2,1, p = 0,120$
<b>Hin myrka þrenning</b>										
Machiavellianismi	2,31	0,60	253	2,51	0,60	183	2,62	0,73	84	$F(2, 213)=9,4, p < 0,001$
Sjálfstyrkun	2,74	0,59	245	2,84	0,51	174	2,90	0,61	77	$F(2, 204)=2,9, p = 0,057$
Siðblinda	1,69	0,42	238	1,91	0,53	168	2,09	0,66	74	$F(2, 176)=18,8, p < 0,001$
<b>Lýðfræðilegir þættir</b>										
<b>Kyn</b>										
Skipting milli karla	37,2%		39,4%			23,4%				
Skipting milli kvenna	54,3%		33,1%			12,6%			$\chi^2(2, N=478)=14,0, p < 0,001$	
<b>Aldur</b>										
Skipting milli 20 ára og yngri	64,3%		32,1%			3,6%				
Skipting milli 21 til 30 ára	53,3%		31,5%			15,2%				
Skipting milli 31 til 40 ára	41,1%		32,6%			26,3%				
Skipting milli 41 til 50 ára	41,1%		44,3%			14,3%			$\chi^2(10, N=481)=20,6, p = 0,024$	
Skipting milli 51 til 60 ára	47,5%		40,7%			11,9%				
Skipting milli 61 árs og eldri	62,5%		31,3%			6,3%				
<b>Menntun</b>										
Grunnskólapróf	28,6%		35,7%			35,7%				
Iðnpróf	42,3%		42,3%			15,4%				
Stúdentspróf	59,0%		31,3%			9,7%			$\chi^2(8, N=472)=19,3, p = 0,014$	
Grunnpróf úr háskóla	44,1%		35,6%			20,3%				
Framhaldspróf úr háskóla	42,0%		40,3%			17,6%				
<b>Tekjur</b>										
300.000 krónur eða lægri	55,2%		33,8%			11,0%				
300.001 til 500.000 krónur	61,1%		27,4%			11,6%				
500.001 til 700.000 krónur	44,6%		33,7%			21,7%				
700.001 til 900.000 krónur	39,7%		39,7%			20,5%			$\chi^2(8, N=470)=16,8, p = 0,032$	
900.001 eða hærrí	38,5%		41,5%			20,0%				

Niðurstöður klasagreiningarinnar sýndu að fýsilegast væri að skipta úrtakinu í þrjá klasa með tilliti til annars vegar áforma um skattsvik og hins vegar skattasiðferðis. Klasarnir þrír, sem sjá má í töflu 9, fengu heitin heiðvirðu samfélagsþegnarnir, hverfulu samfélagsþegnarnir og refjóttu samfélagsþegnarnir.

Nánast helmingur úrtaksins tilheyrði hópi heiðvirðu samfélagsþegnanna. Hópurinn samanstendur af einstaklingum sem hafa nánast engin áform um að svíkja undan skatti og eru með hátt skattasiðferði. Heiðvirðu samfélagsþegnarnir mælast hærra á bæði heildarleika-audmýkt og tilfinningasemi en hinir tveir hóparnir. Þeir mælast jafnframt lægri á machiavellianisma og siðblindu en aðrir. Rúmlega helmingur kvenna í úrtakinu tilheyrði hópi heiðvirðu samfélagsþegnanna og rúmlega þriðjungur karla.

Hverfulu samfélagsþegnarnir voru rúmlega þriðjungur úrtaksins. Hópurinn ein-kennist af einstaklingum sem virðast ekki hafa einbeittan brotavilja til að svíkja undan skatti, en virðast þó ekki útiloka slíka hegðun miðað við mælingu á áformum þeirra um skattsvik. Skattasiðferði einstaklinga í hópnum mælist ágætt en ekki afgerandi hátt. Einstaklingar í hópnum mælast ögn lægri á bæði heildarleika-audmýkt og tilfinningasemi og örlítið hærri á viddum Hinnar myrku þrenningar heldur en heiðvirðu samfélagsþegnarnir. Tæplega 40% karla tilheyra hópi hverfulu samfélagsþegnanna og rúmlega þriðjungur kvenna.

Hinir refjóttu reyndust vera 16,7% úrtaksins. Einstaklingar í hópnum eru nokkuð líklegir til skattsvika og hafa lægra skattasiðferði heldur en einstaklingar sem tilheyra heiðvirðu samfélagsþegnum og þeim hverfulu. Þeir mælast lægra á heildarleika-audmýkt og tilfinningasemi og mælast hæst á viddum Hinnar myrku þrenningar. Tæplega fjórðungur karla tilheyra hinum refjóttu en einungis 12,6% kvenna. Fjórðungur úrtaksins á aldrinum 31 til 40 ára tilheyra þessum hópi og rúmlega þriðjungur þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi. Sá hópur er þó fámennur í úrtakinu og því mikilvægt að oftúlka það ekki.

## 7. Umræða

Skattsvik eru ekki bara ólögmat heldur eru þau einstaklega ósanngjörn gagnvart þeim sem sinna skattskyldu samvisskusamlega. Þær tekjur sem hið opinbera aflar í gegnum skatta eru notaðar til að standa undir grunnþjónustu fyrir alla samfélagsþegna og stuðla að bættum lífsgæðum, bæði þeirra sem greiða sína lögbundnu skatta og einnig þeirra sem skjóta undan. Á meðan einstaklingar hagnast fjárhagslega á því að skjóta undan skatti, þá setur það á sama tíma aukna byrði á þá einstaklinga sem virða skattalög.

Fyrri markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvað kunni að skýra það að sumir eru líklegri en aðrir til að svíkja undan skatti. Niðurstöðurnar sýndu, svo ekki verður um villst, að skattasiðferði er sá þáttur sem hefur veigamesta forspárgildið um það hvort fólk svíki undan skatti. Tilgáta 1, sem snéri að því að eftir því sem fólk hefur lægra skattasiðferði, því líklegra sé það til að svíkja undan skatti, var studd. Þessi niðurstaða er í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt fram á mikilvægi skattasiðferðis þegar kemur að skatthlýðni (sjá t.d. Dell'Anno 2009; Di Gioacchino & Fishera 2020; Hug & Spörri 2011; Kirchgässner 2011; Owusu o.fl. 2021; Torgler 2003). Niðurstöð-

urnar benda því til þess að til að draga úr skattsvikum sé fýsilegast að leggja kapp á að ýta undir skattasiðferði samfélagsþegna. Það kann að vera snúið en fyrri rannsóknir geta þó lagt línur sem vert er að taka mið af. Samfélagsleg viðmið og trú fólks á skatthlýðni annarra í samfélaginu geta haft áhrif á skattasiðferði (Frey & Torgler 2007; Luttmer & Singhal 2014). Ef fólk telur að aðrir svíki undan skatti og jafnvel komist upp með það eru líkur á að skattasiðferði verði lægra og um leið að skattsvik aukist. Án þess að fegra sannleikann kann því að skipta máli að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að flestir greiði sína skatta samviskusamlega og um leið leggja áherslu á að það sé ekki samfélagslega samþykkt að koma sér undan greiðslu skatta, t.d. með því að koma fjármagni í skattaskjól erlendis eða stunda svarta atvinnustarfsemi. Slíkt á hvorki að teljast eðlilegt né ásættanlegt. Verði fólk þess áskynja að hópur fólks komist upp með slíka iðju eru líkur á að skattasiðferði verði lægra en ella og um leið að umfang skattsvika aukist.

Önnur leið til að ýta undir skattasiðferði er í gegnum aukid traust gagnvart hinu opinbera (Alm & Torgler 2006; Frey & Torgler 2007; Hug & Spörri 2011; Lago-Peñas & Lago-Peñas 2010). Aðgerðir og hegðun stjórnvalda sem ýta undir vantraust eru til þess fallnar að draga úr skattasiðferði og um leið ýta undir skattsvik. Það er því ekki bara ákjósanlegt að auka traust almennings gagnvart stjórnvöldum heldur getur það beinlínis haft fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð. Samkvæmt skýrslu OECD frá árinu 2022 segjast um helmingur Íslendinga treysta stjórnvöldum. Það er því nokkuð svigrúm til að auka traustið og um leið freista þess að auka skattasiðferði.

Niðurstöðurnar sýndu að persónuleiki fólks hefur áhrif á hvort það sé líklegt til að svíkja undan skatti. Níu persónuleikaþættir voru mældir, sex þættir HEXACO líkansins og þrjár þættir Hinnar myrku þrenningar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að eftir því sem fólk mælist hærra á þættinum heidarleiki-audmýkt, því ólíklegra er það til að svíkja undan skatti, sem samræmist tilgátu 2. Segja má að það liggir í hlutarins eðli að fólk sem er heidarlegt sé líklegt til að greiða lögbundna skatta. Fylgnigreining sýndi neikvæð tengsl milli áforma um skattsvik og persónuleikaþáttarins tilfinningasemi og því má segja að niðurstöðurnar styðji tilgátu 3. Í aðhvarfsgreiningunni, þar sem allir persónuleikaþættirnir voru teknir inn í líkanið ásamt skattasiðferði og lýðfræðilegum breytum sýndu niðurstöðurnar þó að tilfinningasemi spái ekki fyrir um áform um skattsvik. Í samræmi við tilgátu 4 sýndu niðurstöður að eftir því sem fólk mælist hærra á úthverfu því líklegra er það til að svíkja undan skatti. Það samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna sem hafa sýnt jákvætt samband milli úthverfu og ýmissa efnahagsbrota (Alalehto 2003; Huels 2017; Turner 2014). Niðurstöðurnar studdu ekki tilgátu 5 sem kvað á um neikvætt samband milli samvinnuþýðis og áforma um skattsvik. Niðurstöður Alalehto (2003) og Turner (2014) bentu til þess að einstaklingar sem mælast lágir á samvinnuþýði séu líklegri til að fremja efnahagsbrot. Mögulega kann eðli brotanna að skipta máli í þessu sambandi. Í rannsókn Alalehto (2003) var einblínt á efnahagsbrot meðal viðskiptafólks og rannsókn Turner (2014) snéri að líkum á bókhaldssvikum. Rétt eins og í tilfelli tilfinningasemi þá studdi fylgnigreining tilgátu 6 um neikvætt samband milli samviskusemi og áforma um skattsvik en aðhvarfsgreiningin benti til þess að samviskusemi hefði ekki áhrif. Tilgátu 7 var studd sem kvað á um að ekki væru tengsl milli viðsýni og áforma um skattsvik. Það

samræmist niðurstöðum Huels (2017) og Turner (2014). Tilgátur 8, 9 og 10 sem snéru að persónuleikabáttum Hinnar myrku þrenningar voru allar studdar. Í þeim var kveðið á um að eftir því sem fólk mælist hærra á machiavellianisma, sjálfsdýrkun og siðblindu, því líklegra sé það til að svíkja undan skatti. Niðurstöðurnar samræmast því fyrri rannsóknnum (sjá t.d. Bailey 2015; García-Meca o.fl. 2021; Murphy 2012; Shafer & Wang 2017).

Þegar horft er til fyrra markmiðs rannsóknarinnar sýna niðurstöðurnar að það sé fyrst og fremst skattasiðferði einstaklinga sem skýrir af hverju sumir eru líklegri en aðrir til að svíkja undan skatti. Persónuleikabættirnir sem skipta jafnframt máli í þessu samhengi eru heiðarleiki-audmýkt, siðblinda, sjálfsdýrkun og úthverfa. Aldur skattgreiðenda hefur að auki töluvert forspárgildi þar sem eldri einstaklingar virðast líklegri en yngri til að svíkja undan skatti.

Seinna markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvaða hópa skattgreiðenda sé fýsilegast að einblína á með það að leiðarljósi að draga úr skattsvikum. Niðurstöður klasagreiningar leiddu í ljós að ákjósanlegt sé að skipta skattgreiðendum í þrjá hópa sem nefndir voru heiðvirðu samfélagsþegnarnir, hverfulu samfélagsþegnarnir og refjóttu samfélagsþegnarnir. Hinir heiðvirðu, sem reyndust vera tæplega helmingur úrtaksins, eru mjög ólíklegir til að svíkja undan skatti og hafa hátt skattasiðferði. Einstaklingar í þeim hópi mælast hærri en aðrir á heiðarleika-audmýkt, hærri á tilfinningasemi en lægri en aðrir á bæði machiavellianisma og siðblindu. Hinir heiðvirðu er hópur fólks sem hefur innri hvata til að standa sína plikt þegar kemur að skattgreiðslum og því að öllum líkindum óþarfi að beita markvissum aðgerðum gagnvart þessum hópi. Hinir tveir hóparnir, hinir hverfulu og refjóttu, eru hins vegar hópar sem ætti markvisst að miða á, þó með ólíkum aðferðum.

Hverfulu samfélagsþegnarnir, sem reyndust rúmlega þriðjungur úrtaksins, eru ekki ýkja líklegir til að svíkja undan skatti, en þó töluvert líklegri heldur en hinir heiðvirðu. Að sama skapi er skattasiðferði þeirra lægra heldur en hinna heiðvirðu þó vissulega hneigist það frekar í átt að því að vera „réttu megin“ við siðferðislínuna. Það er þó ástæða til að ætla að mögulega sé þetta sá hópur sem kunnir að vera líklegastur til árangurs að miða aðgerðir að. Hópurinn er að öllum líkindum móttækilegri heldur en þeir refjóttu fyrir aðgerðum sem höfða til siðferðiskenndar. Herferðir með slagorðum eins og „Stöndum saman í að byggja upp samfélagslega innviði – Svik undan skatti eru svik gagnvart samfélaginu“ eru líkleg til að tala inn í siðferðishjarta þessa hóps. Sektarkennd er líkleg til að skapast hjá fólki sem hallast í átt að hærri skattasiðferði (Lee 2016; Luttmer & Singhal 2014) svo með því að minna á siðferðilega skyldu til að taka þátt í samfélagslegri uppbyggingu eru líkur á að höfða til skattasiðferðis sem myndi þá draga úr líkum á að fólkið sem tilheyrir þessum hópi myndi reyna að svíkja undan. Með slagorði eins og „stöndum saman í að byggja upp samfélagslega innviði“ væri jafnframt verið að kveikja á þeirri skynjun að almennt greiði aðrir í samfélaginu skatta. Innri hvatning til að greiða skatta eykst eftir því sem fólk telur líklegra að aðrir í samfélaginu standi sína plikt (Frey & Torgler 2007). Ef fólk telur aðra greiða sína skatta samviskusamlega er það ólíklegra til að réttlæta skattsvik fyrir sjálfu sér (Kemme o.fl. 2020). Þar sem hópur hinna hverfulu



mælist sæmilega hátt á skattasiðferði eru líkur á að hægt sé að ýta undir það með herferðum þar sem skilaboðin eru vel útfærð. Skilaboðunum þyrfti fyrst og fremst að beina að fólki yfir fertugu, sem hefur háskólapróf og með hærri tekjur. Þeir miðlar sem notaðir eru til að koma skilaboðunum á framfæri þurfa því að taka mið af því og æskilegt er að í kynningarefni sé notað fólk sem þessi hópur getur samsvarað sig við þegar kemur að aldri, menntun og tekjum.

Líklegastir til skattsvika eru refjóttu samfélagsþegnarnir sem jafnframt eru með lægra skattasiðferði en aðrir. Þeir refjóttu eru síður heildarlegir og auðmjúkir ásamt því að mælast hærri á siðblindu en hinir heildvirðu og hverfulu. Siðblindir einstaklingar hafa almennt litla sjálfsstjórn (Paulhus & Williams 2002) og eru líklegir til að nýta sér glufur til að svikja ef þeir telja það mögulegt. Í herferðum miðuðum að hinum refjóttu gæti því verið árangursríkt að koma í veg fyrir að þeir telji auðvelt að finna glufur til skattsvika. Herferðir sem leggja áherslu á að skattaeftirlit sé öflugt gætu dregið úr skynjun þessara einstaklinga á að auðvelt sé að komast upp með svikin, en vissulega verður að vera innistæða fyrir slíkum yfirlýsingum. Umfjallanir þar sem upplýst er um fólk sem hefur verið gripið og því refsað vegna skattsvika gætu gert það að verkum að þessir einstaklingar telji erfiðara en ella að finna glufur í kerfinu og komast upp með skattundanskot. Aðgerðir miðaðar að hinum refjóttu þurfa að taka til greina að stór hluti þessa hóps er líklegur til að vera karlmenn á aldrinum 30 til 50 ára, sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi en eru með frekar háar tekjur. Val á leiðum og miðlum til að koma skilaboðum áleiðis til hópsins þurfa að taka mið af því.

Ef forgangsraða á aðgerðum til að draga úr skattsvikum er líklegast að árangur náist með því að miða skilaboðum að hinum hverfulu samfélagsþegnum. Sá hópur ætti því að vera helsti markópur hins opinbera til að draga úr skattsvikum. Sá hópur virðist, miðað við niðurstöður rannsóknarinnar, vera um þriðjungur skattgreiðenda og í hærri tekjustígum svo gera má ráð fyrir að ef herferðir eru hannaðar á stefnumiðaðan hátt sé möguleiki á að auka skatttekjur umtalsvert. Líklegt er að á brattan sé að sækja með því að miða á hina refjóttu, þó vissulega sé mikilvægt að reyna að höfða til þess hóps.

Rannsókninni fylgja ákveðnar takmarkanir. Hluti mælinganna voru byggðar á erlendum rannsóknum, þýddar og staðfærðar af höfundum. Mælikvörðum sem ekki hafa undirgengist próffræðilegar greiningar ber að taka með fyrirvara. Áreiðanleikinn reyndist í flestum tilfellum ásætlanlegur þó í tilfelli sumra þátta sé ástæða til að reyna að auka áreiðanleika. Jafnframt þarf að hafa í huga að hér er um þversniðsrannsókn að ræða sem gefur færi á að álykta um tengsl en ekki orsakasamband. Rannsókninni var ekki ætlað að meta tíðni skattsvika, heldur tengsl þeirra við skattasiðferði og tiltekna persónuleikaþætti. Þegar samband breyta er kannað með slíkum hætti getur hentugleikaúrtak nýst ágætlega, þó tilskilinn fyrirvari eigi við um túlkun niðurstaðna. Því ber að hafa í huga að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöðurnar gagnrýnislaust yfir á þjóðina. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að mælikvarði rannsóknarinnar er byggður á sjálfsmati þátttakenda. Það eru vissulega líkur á að við slíkar mælingar ofmeti einhverjir þátttakendur skattasiðferði sitt (Torgler & Schneider 2009).

Það er vel að Fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi reglulega staðið fyrir útteknum

á skattsvikum hér á landi (sjá t.d. Fjármálaráðuneytið 1993; Fjármálaráðuneytið 2004; Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2017). Það er þó ekki nægjanlegt að kortleggja umfang skattsvika, en finna þarf leiðir til að draga úr umfanginu. Til að slíkt sé hægt er nauðsynlegt að rannsaka hvaða þættir ýta undir eða draga úr skattsvikum. Áhersla rannsakenda á innri þætti í þessu sambandi hefur verið að aukast en það eru fyrst og fremst innri þættir sem geta skýrt hvers vegna sumir einstaklingar í samfélagi eru líklegri til að svikja undan skatti en aðrir í sama samfélagi. Rannsóknin varpar ljósi á mikilvægi skattasiðferðis og ákveðinna persónuleikabátta í þessu samhengi auk þess að draga fram hvernig væri skynsamlegt að forgangsraða aðgerðum með því að miða markvisst á tiltekna hópa. Í frekari rannsóknum er mikilvægt að öðlast skilning á hvers konar aðgerðir séu líklegastar til árangurs til að höfða til þessara hópa. Í því samhengi þarf til dæmis að rannsaka hvers konar skilaboð er ákjósanlegt að setja fram og í gegnum hvaða leiðir á að miðla þeim skilaboðum.

Það má með sanni segja að íslenskt samfélag verði af verulegu fjármagni vegna skattsvika á ári hverju. Áætla má að tekjutap hins opinbera vegna þeirra hafi verið í kringum 165 milljarðar árið 2022. Ef unnt væri að grípa til aðgerða til að draga úr þessu tapi væri sannarlega hægt að styrkja innviði samfélagsins umtalsvert. Sem dæmi má nefna að samkvæmt kostnaðaráætlun um uppbyggingu nýs Landspítala er talið að framkvæmdin í heild muni kosta 211 milljarða króna (Stjórnarráð Íslands 2023). Tekjutap vegna skattsvika, bara á árinu 2022, færi því langleiðina með að greiða fyrir það verkefni í heild. Vert er að taka fram að í rannsókninni var sjónum fyrst og fremst beint að skattsvikum einstaklinga. Þó slík svik séu vissulega hluti þeirra skattsvika sem eiga sér stað hér á landi er ljóst að töluverður hluti þeirra tengist atvinnustarfsemi og eru slík brot sífellt að verða skipulagðari (Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2017). Því væri þarft að framkvæma rannsókn þar sem sjónum er beint að skattahegðun stjórnenda í tengslum við þá atvinnustarfsemi sem þeir eru í forsvari fyrir með það að markmiði að komast að hvers konar aðgerðir væru líklegastar til árangurs til að stemma stigu við skattalagabrotum í viðskiptum. Ljóst er að til mikils er að vinna ef lagt er í markvissar og kraftmiklar aðgerðir til að draga úr umfangi skattsvika hér á landi. Í ljósi mögulegs ávinnings ættu hvorki stjórnvöld né heiðvirdir þegnar samfélagsins að setta sig við stöðuna eins og hún er heldur íhuga hvort ekki séu vannýtt tækifæri til að berjast gegn þessu samfélagsmeini.

## Aftanmálgrein

- 1 Þýðing höfundu á orðum lögfræðingsins Oliver Wendell Holmes sem á upprunamálinu voru: „Taxes are what we pay for civilized society“ (Compania General de Tabacos de Filipinas gegn Innheimtumaður, 1927)

## Heimildir

- Abbasi, A.Z., Nisar, S., Rehman, U. og Ting, D.H. (2020). „Impact of HEXACO personality factors on consumer video game engagement: a study on eSports“, *Frontiers in Psychology* 11. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.01831>
- Alalehto, T. (2003). „Economic crime: does personality matter?“, *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology* 47(3), 335-355. <https://doi.org/10.1177/0306624X03047003007>
- Alleyne, P. og Harris, T. (2017). „Antecedents of taxpayers' intentions to engage in tax evasion: Evidence from Barbados“, *Journal of Financial Reporting and Accounting* 15(1), 2-21. <https://doi.org/10.1108/JFRA-12-2015-0107>
- Allingham, M.G. og Sandmo, A. (1972). „Income tax evasion: A theoretical analysis“, *Journal of Public Economics* 1(3-4), 323-338.
- Alm, J. og Torgler, B. (2004). „Estimating the determinants of tax morale“, *Proceedings. Annual Conference on Taxation and Minutes of the Annual Meeting of the National Tax Association* 97, 269-274.
- Alm, J. og Torgler, B. (2006). „Culture differences and tax morale in the United States and in Europe“, *Journal of Economic Psychology* 27(2), 224-246. <https://doi.org/10.1016/j.joep.2005.09.002>
- Alm, J. og Torgler, B. (2011). „Do ethics matter? Tax compliance and morality“, *Journal of Business Ethics* 101(4), 635-651. <https://doi.org/10.1007/s10551-011-0761-9>
- Alwin, D.F. og Krosnick, J.A. (1991). „The reliability of survey attitude measurement: The influence of question and respondents attributes“, *Sociological Methods and Research* 20(1), 139-181. <https://doi.org/10.1177/0049124191020001005>
- Arvan, M. (2013). „Bad news for conservatives? Moral judgements and the Dark Triad personality traits: A correlational study“, *Neuroethics* 6(2), 307-318. <https://doi.org/10.1007/s12152-011-9140-6>
- Ashton-James, C.E. og Levordashka, A. (2013). „When the wolf wears sheep's clothing: Individual differences in the desire to be liked influence nonconscious behavioral mimicry“, *Social Psychological and Personality Science* 4(6), 643-648. <https://doi.org/10.1177/1948550613476097>
- Ashton, M.C. og Lee, K. (2001). „A theoretical basis for the major dimensions of personality“, *European Journal of Personality* 15(5), 327-353. <https://doi.org/10.1002/per.417>
- Baughman, H.M., Dearing, S., Giammarco, E. og Vernon, P.A. (2012). „Relationships between bullying behaviours and the Dark Triad“, *Personality and Individual Differences* 52(5), 571-575. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2011.11.020>
- Barone, G. og Mocetti, S. (2011). „Tax morale and public spending inefficiency“, *International Tax and Public Finance* 18, 724-749. <https://doi.org/10.1007/s10797-011-9174-z>
- Beck, L. og Ajzen, I. (1991). „Predicting dishonest actions using the theory of planned behavior“, *Journal of Research in Personality* 25(3), 285-301. [https://doi.org/10.1016/0092-6566\(91\)90021-H](https://doi.org/10.1016/0092-6566(91)90021-H)
- Becker, G.S. (1968). „Crime and punishment: An economic approach“, *Journal of Political Economy* 169(2), 176-177. <http://dx.doi.org/10.1086/259394>
- Becker, R. (2022). „Gender and survey participation: an event history analysis of the gender effects of survey participation in a probability-based multi-wave panel study with a sequential mixed-mode design“, *Methods, Data, Analyses* 16(1), 3-32. <http://doi.org/0.12758/mda.2021.08>
- Blickle, G., Schlegel, A., Fassbender, P. og Klein, U. (2006). „Some personality correlates of business white-collar crime“, *Applied Psychology* 55(2), 220-233. <https://doi.org/10.1111/j.1464-0597.2006.00226.x>
- Boote, A.S. (1981). „Reliability testing of psychographic scales“, *Journal of Advertising Research* 21(5), 53-60.
- Chirumbolo, A. og Leone, L. (2010). „Personality and politics: The role of the HEXACO model of personality in predicting ideology and voting“, *Personality and Individual Differences* 49(1), 43-48. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2010.03.004>
- Cizek, G.J. (1999). *Cheating on Tests: How to Do It, Detect It, and Prevent It*. Routledge.
- Collins, J.H., Milliron, V.C. og Toy, D.R. (1992). „Determinants of tax compliance: A contingency approach“, *The Journal of the American Taxation Association* 14(2), 1-18.

- Collins, J.M. og Schmidt, F.L. (1993). „Personality, integrity, and white collar crime: A construct validity study“, *Personnel psychology* 46(2), 295-311.
- Compania General de Tabacos de Filipinas gegn Innheimtumaður. Hæstaréttardómur frá US Supreme Court, 275 US. 87/1927
- Cummings, R.G., Martínez-Vázquez, J., McKee, M. og Torgler, B. (2009). „Tax morale affects tax compliance: Evidence from surveys and an artefactual field experiment“, *Journal of Economic Behavior and Organization* 70(3), 447-457. <https://doi.org/10.1016/j.jebo.2008.02.010>
- Dell'Anno, R. (2009). „Tax evasion, tax morale and policy maker's effectiveness“, *The Journal of Socio-Economics* 38(6), 988-997. <https://doi.org/10.1016/j.socec.2009.06.005>
- Fehr, B., Samsom, D. og Paulhus, D.L. (1992). „The construct of Machiavellianism: Twenty years later“, í C.D. Spielberger og J. N. Butcher (ritstj.), *Advances in personality assessment* (bls. 77-166). Lawrence Erlbaum Associates.
- Feld, L.P. og Frey, B.S. (2002). „Trust breeds trust: How taxpayers are treated“, *Economics of Governance* 3(2), 87-99. <https://doi.org/10.1007/s101010100032>
- Filippin, A., Fiorio, C.V. og Viviano, E. (2013). „The effect of tax enforcement on tax morale“, *European Journal of Political Economy* 32, 320-331. <https://doi.org/10.1016/j.ejpoleco.2013.09.005>
- Fjármálaráðuneytið (1993). „Umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim“. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/utgefin\\_rit/umfang\\_skattsvika.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/utgefin_rit/umfang_skattsvika.pdf)
- Fjármálaráðuneytið (2004). „Skýrsla starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi“. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/pdf/131/s/0664.pdf>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið (2017). „Umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða. Skýrsla starfshóps“. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Skattsvikask%C3%BDrsla%20lokaeintak.pdf>
- Frey, B.S. og Torgler, B. (2007). „Tax morale and conditional cooperation“, *Journal of Comparative Economics* 35(1), 136-159. <https://doi.org/10.1016/j.jce.2006.10.006>
- Furnham, A. (2010). *The elephant in the boardroom: The causes of leadership derailment*. Palgrave Macmillan.
- García-Meca, E., Ramón-Llorens, M.C. og Martínez-Ferrero, J. (2021). „Are narcissistic CEOs more tax aggressive? The moderating role of internal audit committees“, *Journal of Business Research* 129, 223-235. <https://doi.org/10.1016/j.jbusres.2021.02.043>
- Giammarco E.A., Atkinson, B., Baughman, H.M., Veselka, L. og Vernon, P.A. (2013). „The relation between antisocial personality and the perceived ability to deceive“, *Personality and Individual Differences* 54(2), 246-250. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2012.09.004>
- Di Gioacchino, D. og Fichera, D. (2020). „Tax evasion and tax morale: A social network analysis“, *European Journal of Political Economy* 65. <https://doi.org/10.1016/j.ejpoleco.2020.101922>
- Goldberg, L.R. (1990). „An alternative" description of personality": the big-five factor structure“, *Journal of Personality and Social Psychology* 59(6), 1216-1229. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.59.6.1216>
- Hagstofa Íslands (e.d.a). Dreifing heildarlauna starfsfólks í fullu starfi eftir starfsstéttum 2022. <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/laun/>
- Hagstofa Íslands (e.d.b). „Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2023“. Sótt af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_1\\_yfirlit\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00101.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi_1_yfirlit_Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px)
- Hagstofa Íslands (2023a). „Afkoma hins opinbera neikvæð um 4,1% af landsframleiðslu 2022“, 14. september. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/fjarmal-hins-opinbera/fjarmal-hins-opinbera-2022-endurskodun/>
- Hagstofa Íslands (2023b). „Rúmur helmingur kvenna á aldrinum 25-64 ára með háskólamenntun“, 14. nóvember. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/menntunarstada-2022/>
- Harrison, A., Summers, J. og Mennecke, B. (2018). „The effects of the dark triad on unethical behavior“, *Journal of Business Ethics* 153, 53-77. <https://doi.org/10.1007/s10551-016-3368-3>
- Hessing, D.J., Elffers, H. og Weigel, R.H. (1988). „Exploring the limits of self-reports and reasoned action: An investigation of the psychology of tax evasion“, *Journal of Personality and Social Psychology* 54(3), 405-413 <https://doi.org/10.1037/0022-3514.54.3.405>

- Hofmann, E., Hoelzl, E., og Kirchler, E. (2008). „Preconditions of voluntary tax compliance: Knowledge and evaluation of taxation, norms, fairness, and motivation to cooperate“, *Zeitschrift Für Psychologie/Journal of Psychology* 216(4), 209–217. <https://doi.org/10.1027/0044-3409.216.4.209>
- Hoseini, M., Safari Gerayli, M. og Valiyan, H. (2019). „Demographic characteristics of the board of directors' structure and tax avoidance: Evidence from Tehran Stock Exchange“, *International Journal of Social Economics* 46(2), 199-212. <https://doi.org/10.1108/IJSE-11-2017-0507>
- Holtzman, N.S. (2011). „Facing a psychopath: Detecting the Dark Triad from emotionally-neutral faces, using prototypes from the Personality Facesaurus“, *Journal of Research in Psychology* 45(6), 648-654. <https://doi.org/10.1016/j.jrp.2011.09.002>
- Huels, B.W. (2017). *Antecedents to taxpayer compliance: Essays exploring the influence of personality and culture*. University of Wisconsin-Whitewater.
- Huels, B. og Parboteeah, K.P. (2019). „Neuroticism, agreeableness, and conscientiousness and the relationship with individual taxpayer compliance behavior“, *Journal of Accounting and Finance* 19(4), 181-193. <https://doi.org/10.33423/jaf.v19i4.2181>
- Hug, S. og Spörri, F. (2011). „Referendums, trust, and tax evasion“, *European Journal of Political Economy* 27(1), 120-131. <https://doi.org/10.1016/j.ejpoleco.2010.06.005>
- Jackson, C.J., Levine, S.Z., Furnham, A. og Burr, N. (2002). „Predictors of cheating behavior at a university: A lesson from the psychology of work“, *Journal of Applied Social Psychology* 32(5), 1031-1046. <https://doi.org/10.1111/j.1559-1816.2002.tb00254.x>
- Jonason, P.K. og Kavanagh, P. (2010). „The dark side of love: Love styles and the Dark Triad“, *Personality and Individual Differences* 49(6), 606– 610. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2010.05.030>
- Jones, D.N. og Paulhus, D.L. (2011). „The role of impulsivity in the Dark Triad of personality“, *Personality and Individual Differences* 51(5), 670– 682. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2011.04.011>
- Jones, D.N. og Paulhus, D.L. (2014). „Introducing the Short Dark Triad (SD3): A brief measure of dark personality traits“, *Assessment* 21(1), 28-41. <https://doi.org/10.1177/1073191113514105>
- Kalshoven, K., Den Hartog, D.N. og De Hoogh, A.H. (2011). „Ethical leader behavior and big five factors of personality“, *Journal of Business Ethics* 100, 349-366. <https://doi.org/10.1007/s10551-010-0685-9>
- Karim, N.S.A., Zamzuri, N.H.A. og Nor, Y.M. (2009). „Exploring the relationship between Internet ethics in university students and the big five model of personality“, *Computers & Education* 53(1), 86-93. <https://doi.org/10.1016/j.compedu.2009.01.001>
- Kemme, D.M., Parikh, B. og Steigner, T. (2020). „Tax morale and international tax evasion“, *Journal of World Business* 55(3), 101052. <https://doi.org/10.1016/j.jwb.2019.101052>
- Kirchgässner, G. (2011). „Tax morale, tax evasion and the shadow economy“, í F. Schneider (ritstj.), *Handbook on the Shadow Economy* (bls. 347–374). Edward Elgar Publishing. <https://doi.org/10.4337/9780857930880.00019>
- Kirchler, E. og Wahl, I. (2010). „Tax compliance inventory TAX-I: Designing an inventory for surveys of tax compliance“, *Journal of Economic Psychology* 31(3), 331-346. <https://doi.org/10.1016/j.joep.2010.01.002>
- Lago-Peñas, I. og Lago-Peñas, S. (2010). „The determinants of tax morale in comparative perspective: Evidence from European countries“, *European Journal of Political Economy* 26(4), 441-453. <https://doi.org/10.1016/j.ejpoleco.2010.06.003>
- Lee, K. (2016). „Morality, tax evasion, and equity“, *Mathematical Social Sciences* 82, 97-104. <https://doi.org/10.1016/j.mathsocsci.2016.05.003>
- Lee, K. og Ashton, M.C. (e.d.). „HEXACO-PI-R Materials for Researchers“. Sótt af <https://hexaco.org/hexaco-inventory>
- Lee, K. og Ashton, M.C. (2004). „Psychometric properties of the HEXACO personality inventory“, *Multivariate Behavioral Research* 39(2), 329-358. [https://doi.org/10.1207/s15327906mbr3902\\_8](https://doi.org/10.1207/s15327906mbr3902_8)
- Lee, K., Ashton, M.C., Wiltshire, J., Bourdage, J.S., Visser, B.A. og Gallucci, A. (2013). „Sex, power, and money: Prediction from the Dark Triad and Honesty-Humility“, *European Journal of Personality* 27(2), 169-184. <https://doi.org/10.1002/per.1860>



- Lewis, A. (1978). „Perception of tax rates“, *British Tax Review* 6, 358–366.
- Lubian, D. og Zarrì, L. (2011). „Happiness and tax morale: An empirical analysis“, *Journal of Economic Behavior & Organization* 80(1), 223–243. <https://doi.org/10.1016/j.jebo.2011.03.009>
- Luttmer, E.F. og Singhal, M. (2014). „Tax morale“, *Journal of Economic Perspectives* 28(4), 149–168. <https://doi.org/10.1257/jep.28.4.149>
- McCrae, R.R. og Costa Jr, P.T. (1995). „Trait explanations in personality psychology“, *European Journal of Personality* 9(4), 231–252. <https://doi.org/10.1002/per.2410090402>
- McCrae, R.R. og John, O.P. (1992). „An introduction to the five-factor model and its applications“, *Journal of Personality* 60(2), 175–215. <https://doi.org/10.1111/j.1467-6494.1992.tb00970.x>
- McGee, R.W. og Tyler, M. (2006). *Tax evasion and ethics: A demographic study of 33 countries* (Working Paper). <https://doi.org/10.1002/per.2410090402>
- McHoskey, J.W., Worzel, W. og Szyarto, C. (1998). „Machiavellianism and psychopathy“, *Journal of Personality and Social Psychology* 74(1), 192–210. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.74.1.192>
- McKay, D.A. og Tokar, D.M. (2012). „The HEXACO and five-factor models of personality in relation to RIASEC vocational interests“, *Journal of Vocational Behavior* 81, 138–149. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2012.05.006>
- Miranda, L., Sousa, P., Guedes, I., Faria, R. og Cruz, J.N. (2023). „The role of morality, self-control, and deterrence in tax evasion: A test of the Situational action theory“, *Deviant Behavior* 44(11), 1607–1624. <https://doi.org/10.1080/01639625.2023.2223338>
- Modic, D., Palomäki, J., Drosinou, M. og Laakasuo, M. (2018). „The dark triad and willingness to commit insurance fraud“, *Cogent Psychology* 5(1). <https://doi.org/10.1080/23311908.2018.1469579>
- Mohamad, A., Radzuan, N. og Hamid, Z. (2017). „Tax arrears amongst individual income taxpayers in Malaysia“, *Journal of Financial Crime* 24(1), 17–34. <http://dx.doi.org/10.1108/JFC-10-2015-0055>
- Murphy, P.R. (2012). „Attitude, Machiavellianism and the rationalization of misreporting“, *Accounting, Organizations and Society* 37(4), 242–259. <https://doi.org/10.1016/j.aos.2012.04.002>
- Nathanson, C., Paulhus, D.L. og Williams, K.M. (2006). „Predictors of a behavioral measure of scholastic cheating: Personality and competence but not demographics“, *Contemporary Educational Psychology* 31(1), 97–122. <https://doi.org/10.1016/j.cedpsych.2005.03.001>
- Neumann, C.S. og Hare, R.D. (2008). „Psychopathic traits in a large community sample: Links to violence, alcohol use, and intelligence“, *Journal of Consulting and Clinical Psychology* 76(5), 893–899. <https://doi.org/10.1037/0022-006X.76.5.893>
- Niemirowski, P., Baldwin, S. og Wearing, A.J. (2003). „Tax related behaviours, beliefs, attitudes and values and taxpayer compliance in Australia“, *Journal of Australian Taxation* 6(1), 132–165.
- Noftle, E.E. og Robins, R.W. (2007). „Personality predictors of academic outcomes: Big Five correlates of GPA and SAT scores“, *Journal of Personality and Social Psychology* 93(1), 116–130. <https://doi.org/10.1037/0022-3514.93.1.116>
- OECD (2013). „What drives tax morale?“. Sótt af <https://web-archiv.oe.cd.org/2016-05-18/221775-what-drives-tax-morale.pdf>
- OECD (2022). „How trustworthy is your government?“. Sótt af [https://www.oecd-ilibrary.org/sites/b407f99c-en/1/3/2/index.html?itemId=/content/publication/b407f99c-en&\\_csp\\_=c12e05718c887e57d9519eb8c987718b&itemIGO=oecd&itemContentType=book](https://www.oecd-ilibrary.org/sites/b407f99c-en/1/3/2/index.html?itemId=/content/publication/b407f99c-en&_csp_=c12e05718c887e57d9519eb8c987718b&itemIGO=oecd&itemContentType=book)
- Owusu, G.M.Y., Bart-Plange, M.A., Koomson, T.A.A., og Arthur M. (2021). „The effect of personality traits and tax morale on tax evasion intention“, *Journal of Financial Crimes* 29(1), 272–292. <https://doi.org/10.1108/JFC-02-2021-0026>
- Oz Yalama, G. og Gumus, E. (2013). „Determinants of tax evasion behavior: Empirical evidence from survey data“, *International Business and Management* 6(2), 15–23. <https://doi.org/10.3968/j.ibt.1923842820130602.1085>
- Paulhus, D.L. og Williams, K.M. (2002). „The dark triad of personality: Narcissism, Machiavellianism, and psychopathy“, *Journal of Research in Personality* 36(6), 556–563. [https://doi.org/10.1016/s0092-6566\(02\)00505-6](https://doi.org/10.1016/s0092-6566(02)00505-6)



- Richardson, G. (2006). „Determinants of tax evasion: A cross-country investigation“, *Journal of International Accounting, Auditing and Taxation* 15(2), 150-169. <https://doi.org/10.1016/j.intaccaudtax.2006.08.005>
- Roberts, M.L. og Hite, P.A. (1994). „Progressive taxation, fairness, and compliance“, *Law and Policy* 16(1), 27–47. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9930.1994.tb00115.x>
- Shafer, W.E. og Wang, Z. (2017). „Machiavellianism, social norms, and taxpayer compliance“, *Business Ethics: A European Review* 27(1), 42-55. <https://doi.org/10.1111/beer.12166>
- Slauson-Blevins, K. og Johnson, K.M. (2016). „Doing gender, doing surveys? Women’s gatekeeping and men’s non-participation in multi-actor reproductive surveys“, *Sociological Inquiry* 86(3), 427-449. <https://doi.org/10.1111/soin.12122>
- Smith, M.B., Hill, A.D. Wallace, J.C., Recendes, T. og Judge, T.A. (2018). „Upsides to dark and downsides to bright personality: A multidomain review and future research agenda“, *Journal of Management* 44(1), 191-217. <https://doi.org/10.1177/0149206317733511>
- Stjórnarráð Íslands (2023). „Fjármálaáætlun 2024-2028: Spornað gegn verðbólgu, lífskjör varin og byggt undir vöxt“, 29. mars. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stokfrett/2023/03/29/Fjarmalaaetlun-2024-2028-Spornad-gegn-verdbolgu-lifskjor-varin-og-byggt-undir-vox/>
- Szabó, Z.P., Czibor, A., Restás, P. og Bereczkei, T. (2018). „“The darkest of all” The relationship between the Dark Triad traits and organizational citizenship behavior“, *Personality and Individual Differences* 134, 352-356. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2018.04.026>
- Søgaard, A.J., Selmer, R., Bjertness, E. og Thelle, D. (2004). „The Oslo Health Study: The impact of self-selection in a large, population-based survey“, *International Journal for Equity in Health* 3, 1-12. <https://doi.org/10.1186/1475-9276-3-3>
- Torgler, B. (2003). *Tax morale and institutions*. (CREMA Working paper, nr. 2003-09). <http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.663686>
- Torgler, B. og Schneider, F. (2009). „The impact of tax morale and institutional quality on the shadow economy“, *Journal of Economic Psychology* 30(2), 228-245. <https://doi.org/10.1016/j.joep.2008.08.004>
- Turner, M.J. (2014). „An investigation of Big Five personality and propensity to commit white-collar crime“, *Advances in Accounting Behavioral Research* 17, 57-94. <https://doi.org/10.1108/S1475-148820140000017002>
- de Vries, M.F.K. (2006). *The leader on the couch: A clinical approach to changing people and organizations*. John Wiley & Sons.
- Webley, P., Cole, M. og Eidjar, O.P. (2001). „The prediction of self-reported and hypothetical tax-evasion: Evidence from England, France and Norway“, *Journal of Economic Psychology* 22(2), 141–155. [https://doi.org/10.1016/S0167-4870\(01\)00026-5](https://doi.org/10.1016/S0167-4870(01)00026-5)
- Weller, J.A. og Thulin, E.W. (2012). „Do honest people take fewer risks? Personality correlates of risk-taking to achieve gains and avoid losses in the HEXACO space“, *Personality and Individual Differences* 53(7), 923-926. <https://doi.org/10.1016/j.paid.2012.06.010>
- Williams, K.M., Nathanson, C. og Paulhus, D.L. (2010). „Identifying and profiling scholastic cheaters: Their personality, cognitive ability, and motivation“, *Journal of Experimental Psychology: Applied* 16(3), 293–307. <https://doi.org/10.1037/a0020773>
- Worth, N.C. og Book, A.S. (2014). „Personality and behavior in a massively multiplayer online role-playing game“, *Computers in Human Behavior* 38, 322-330. <https://doi.org/10.1016/j.chb.2014.06.009>

